

Morgunblaðið

2 | 12 | 22

BÆKUR



... út í kómískar ógöngur

● **Gegn gangi leiksins** heitir ný skáldsaga Braga Ólafssonar ● **Skrifuð á mettíma** eftir að Bragi strandaði í annarri skáldsögu ● **Ýmsar persónur** dúkka upp úr öðrum skáldsögum Braga

VIÐTAL

Arni Matthíasson
arnim@mbl.is



Fyrir stuttu kom út skáldsagan *Gegn gangi leiksins* eftir Braga Ólafsson. Sagan gerist sjö árum eftir að ljóðskáldið Svanur Bergmundsson lýkur afplánun fyrir manndráp í miðbæ Reykjavíkur. Hann býr við Laufásveginn, í íbúð systur sinnar Lóu, sem er farin á heimili fyrir eldra fólk, en hún hefur sett íbúðina á sölu og það kemur í hlut Svans að sýna hugsanlegum kaupendum eignina. Sagan hefst þegar ungt par bankar upp á til að skoða íbúðina. Svanur er þá stundina að fylgjast með alþjóðlegu fótboldamóti í sjónvarpinu, og fljótlega kemur í ljós að hann á einnig fyrir höndum að spila fótboldaleik sjálfur, milli rithöfunda og útgefenda, ásamt skáldbróður sínum, Bóasi Valberg.

Bragi hefur áður fjallað um þessa vini, Svan Bergmundsson og Bóas Valberg; þeir komu fyrst fram í bók Braga *Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson*, sem kom út 2010. Þeir vinir eru ekki einu skáldin sem koma við sögu í *Gegn gangi leiksins*, ýmist uppdiktuð eða raunveruleg, og ég nefni við Braga að sum hinna raunverulegu skálda megi telja til Leturskálda, enda prentuðu þau mörg sínar fyrstu, og oft einu bækur, hjá Sigurjóni Þorbergssyni í Letri.

„Í skáldsögunni *Sendiherranum* var ég líka að fjalla um þennan hóp listamanna og rithöfunda, sem þú nefnir Leturskáldin, og ég tek það meira að segja fram í sögunni að Svanur lét prenta sínar fyrstu bækur hjá Letri. En það sem gerist fyrir Svan í Handritinu hefur alltaf setið í mér og truflað mig; hann dröpur ungan ljósmyndara sem hefur tekið af honum mynd á frekar viðkvæmu augnabliki, og eftir að það gerðist hefur persóna Svans leitað á mig, hugsanlega af því að ég hræðist hann. Í það minnsta fannst mér ég þurfa að fylgjast með honum áfram.“

— Og koma honum í frekari vandræði.

„Ég get ekkert látið uppi um það en undirtitill sögunnar er *Ljóðskáld deyr*, og þar með er þetta orðið eins konar spennusaga, sem líklega gerir hana ólíka öðrum bókum mínum.“

Titlar skipta miklu máli

„Þetta andrúmsloft og þessi tími, skáld sem eru að koma fram 1960-1970, er mér svolítið hugleikið og ég hef þannig látið Dag Sigurðarson vera persónu í bakgrunni í fleiri en einni bók. Það var ögrandi andi yfir þessu tímabili, mikill bóhemalífnaður og meiri drykkja en afköst, ólíkt því sem er í dag. En einnig margt mjög kómískt sem freistar mín sem söguvæni. Ég vona þó að ég sé ekki að fjalla um þetta af einhverri óvirkingu. Ef ég er að grínast með einhver ákveðin ljóðskáld í bókinni, þá er hugsanlegt að ég sé sjálfur í þeim hópi.“

— Mér skilst að þú hafi verið óvenju fljótur að skrifa þessa bók.

„Yfirleitt skrifa ég mikið á hverjum degi, og stundum of hratt því ég þarf stöðugt að vera að endurskrifa. Og stytta. Það kemur fyrir að heildarorðafjöldi sem liggur að baki 60.000 orða bók er tvöfalt meiri en það. En í upphafi þessa árs var ég að vinna að mun lengri bók, sem var orðin þrefalt lengri en *Gegn gangi leiksins*, og þá gerðist það, svolítið snögglega, að sú saga einhvern veginn hrundi fyrir mér. Eitthvað klikkaði. Frásögnin var orðin of flöt. Það hljómar kannski einkennilega, en innrás Rússa í Úkraínu hafði líka mikil áhrif á þessi skrif mín, því nokkrir karakterar sögunnar eru Rússar, og ekki beint Rússar af bestu sort. Það var eins og raunveruleikinn í heim-



Morgunblaðið/Einar Falur

Bragi Ólafsson leggur ekki upp með að skrifa kómísk bók, persónurnar stýra því.

inum hefði í senn gefið þessu umfjöllunarefni meiri vigt, en um leið valtað yfir það. Ég var að lesa upp í Tékklandi og Slóvakíu í sumar, og þegar ég sagði fólk frá þessum ógöngum, að stríðið hefði þaggað niður í mér, var ég eindregið hvattur til að halda Rússunum inni.“

Kómísk en líka harmræn fyrirbæri

„Upprunalega hugmyndin að þessari nýju sögu var brandari sem ég heyrði fyrir nokkrum árum. Brandari í tveimur þáttum, eins og sagan sjálf. Að vísu er í sögunni hlé, eins og hálfleikur í fótboldi. En eins og gerist oft hjá mér þurfa tvær ólíkar hugmyndir að rekast á, til að búa til dýnamík, og það sem studdi við brandarann voru sjálfsmörk fótboldamanna, sem auðvitað eru bæði kómísk og sorgleg. Það lá síðan beint við að nota gamlar persónur úr Handritinu, þá Svan Bergmundsson og vin hans Bóas Valberg, þeir rímuðu vel við áður nefndan brandara, en einnig við hið sérstaka íslenska orð harmleikur, sem verður svo skrifið þegar það

er skoðað með augum annarra tungumála: leikur með harminn. Og vegna þess að ég þekkti þessa karaktera frá því áður má segja að sagan hafi skrifað sig sjálf, eins og stundum er sagt. Ég hef áður skrifað smásögur og leikrit á mjög stuttum tíma, en það hefur síður gerst með skáldsögur. En þetta er auðvitað ekki löng saga, hún er auk þess einföld í uppbyggingu, og í raun fyrsta nóvella sem ég skrifa. Það form er knappt, en eins og alltaf, þá skapa reglur ákveðið frelsi, sérstaklega þegar maður veit frá upphafi hverjar lyktir sögunnar verða.

Ég veit að ég á eftir að skrifa lengri sögur, meðal annars þá sem ég lagði til hliðar, en ég veit líka að nóvellan er form sem ég á eftir að nota meira.“

— Margar bóka þinna deila sama heimi, hafa andblæ sama tíma og persónugalleríð skarast.

„Þetta hefur gerst hægt og hægt. Þetta byrjaði með *Sendiherranum*, en í lok þeirrar bókar lá eiginlega ljóst fyrir að ég þyrfti að

fylgjast lengur með skáldinu Sturlu Jóni. Og föður hans og fleiri karakterum. Svo skrifaði ég *Handritið*, þar sem enn fleiri persónur tengjast persónum *Sendiherrans*, og þar með vissi ég að þetta yrði einhvers konar vefur sem ég hefði flækt mig í. Hann þróaðist svo áfram í *Fjarverunni* og *Stöðu pundsins*. Meira að segja eru í *Sögumanni* nokkrar línur sem þjóna því að undirbyggja síðustu bókina sem ég áforma að skrifa um þetta net persóna. Titill þeirrar bókar er kominn, og efnið að miklu leyti. En áður en að henni kemur þurfa tvær aðrar bækur að verða til.

Það var haldið ritþing á síðasta ári, sem hafði undirtitilinn „Stefnumót við Braga Ólafsson“, og af því tilefni útbjuggu þær Guðrún Lára Pétursdóttir og Kristín Svava Tómasdóttir nákvæma skýringarmynd á stórt plakat með tengslum helstu persóna bóka minna. Þær þekkja þetta í raun betur en ég, og þessi mynd þeirra hjálpar mér mikið með framhaldið. Ég viðurkenni líka að það hefur nýst mér vel að lesa ritgerðir um sögurnar mínar, og lengri dóma, eins og til dæmis birtast í *Tímariti Máls og menningar*. Þetta skerpir oft á skilningi mínum á eigin skáldskap, og kveikir hugmyndir. Því stundum er í upphafi óljóst hvað ég ætla mér með ákveðnar persónur, þær eru kannski bara staddar á kantinum, en kalla síðan á meira pláss þegar ég kynnist þeim betur. Því í raun er þetta raunverulegt fólk í mínum augum, og maður ber ábyrgð á því sem maður hefur búið til.

En svo er annað. Takmark mitt er að drepa sem flestar þessara persóna, sérstaklega þær sem mér þykir vænst um, áður en ég hætti þessu, eða neyðist til að hætta.“

Hvað er raunverulegur harmleikur?

— Ertu búinn að ákveða hvenær þú tekur aftur til við bókina sem þú lagðir til hliðar?

„Ég er að reyna að taka ákvörðun um það núna, á meðan ég er að kynnast betur þessari nýju bók. Því ég er með aðra bók í huga út frá *Gegn gangi leiksins*, bók sem er svipuð í anda, og fylgir eftir persónum hennar. Bókin sem ég nefndi áðan, sú sem ég frestaði, er aftur á móti einskona glæpa- eða morðsaga. Á mínum lestrarferli hefur mér sjálfum varla tekist að komast í gegnum glæpasögu, ég tapa yfirleitt þræðinum eða hætti að trúá samtöl sem ætlað er að draga fram söguna, svo það er ákveðin ógrun í því að klára að skrifa svoléiðis sögu sjálfur. En takmarkið er að snúa öllu á hvolf.“

— Í upphafi bókarinnar vitnarðu í jafn ólíkt fólk og Bee Gees og Louis-Ferdinand Céline um harmleikinn. Líturðu á þessa sögu sem raunverulegan harmleik?

„Kannski ekki raunverulegan. Enda: hvað er raunverulegur harmleikur? Ég held ég geti þó fullyrt að margt harmrænt gerist í sögunni, þótt á yfirborðinu, og undir, sé þetta kómísk frásögn. Það eru í raun persónurnar sem stýra því. Að fylgjast með persónu eins og Svani, og ekki síður öðrum karakter sem kemur innan úr myrkri enn annarrar eldri skáldsögu, hlýtur óhjákvæmilega að leiða mann út í kómískar ógöngur. Ég sá einu sinni viðtal við Saul Bellow, sem var þá nýbúinn að gefa úr bókina *More Die of Heartbreak*, og þegar hann var spurður um hvað bókin væri svaraði hann: „Hún er ekki um. Kómíska skáldsagan lýtur sínum eigin lögmálum, hún gefur sér sínar eigin forsendur.“ Þetta er eflaust þversögn en í þversögninni býr yfirleitt eitthvað sem maður staldrar við. Í mínum huga fjalla allar mínar bækur eingöngu um sjálfar sig. Ég skynja þó alltaf eitthvert erindi, eitthvað sem hefur merkingu fyrir mig, enda er sú merking alltaf drifkrafturinn.“

Hvað ætlar þú að lesa í vetur?




Stundum verða stökur til
Samskipti í gleði og gáska þar sem skeytin fljúga í allar áttir.



Ég verð að segja ykkur
Sagnameistarin Ingvar Viktorsson lætur gaminn geisa.



Líkið er fundið
Óborganlegar sögur af Jökuldælingum - hvar fannst annars líkið?









Skagfirskar skemmtisögur 6
Leiftrandi húmor Skagfirðinga svíkur engan.



Hrafninn
Mergjaðar sögur af gáfaðasta dýrinu á þessari reikisstjörnu.

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR
holar@holabok.is • www.holabok.is

Bækur handa þér og þínum



SKRUDDA

skrudda.is

skrudda@skrudda.is

Vinsamlega ekki raka andlitið á mér


Bókarkafli Í bókinni *Út um víðan völl segir Júlíus Sólnes frá lífi, ævintýrum og ferðum sínum og konu sinnar, Sigríðar Maríu. Fjallað er um feril hans við Háskóla Íslands, aðkomu að Kröflu-virkjun og stofnun umhverfisráðuneytisins. Tilurð og örlög Borgaraflokksins eru einnig rakin.*



Skólabræður úr báðum deildum IISSE í skoðunarferð með einum kennara skólans í Meiji-garðinum. Júlíusi leið vel í Japan, ekki síst vegna þess, að þar var hann með hærri mönnum. Á Íslandi gerði hann ekki meira en slefa í að vera meðalmaður á hæð.

Júlíus hélt til námsdvalar í Japan 1962 þar sem hann lagði stund á jarðskjálftaverkfræði hjá alþjóðlegri jarðskjálftarannsóknastofnun, IISSE.

Það var komið langt fram í október, og tími til að við kynntumst betur tungumálinu og japanskri menningu. Skólinn bauð okkur að sækja námskeið í japönsku fyrir byrjendur. Ég skráði mig strax til leiks, en Filippseyingarnir höfðu minni áhuga, Manuel sagði mér, að þeir væru hálfgerðir ríkisstárfsmenn, hann og Santiago ynnu hjá Orkuveitu



ríkisins á Filippseyjum. Þeir litu eiginlega svo á, að þeir væru meira í löngu frí í Japan, sem þeir höfðu átt fullan rétt á, fremur en þeir væru komnir þangað til að læra mikið. Margir okkar vildu þó þiggja boðið og sóttu japönskunámskeiðið, sem við höfðum allir gaman af. Við vorum látnir læra einfaldar setningar, sem gátu komið að gagni, í leigubílum, hjá rakaranum, í búðinni og svo framvegis. Mér er minnisstæðast að geta sagt hjá rakaranum - „kao no sorimasen kudasai“ - eða vinsamlega ekki raka andlitið á mér. Ef þetta var ekki sagt, var hann umsvifalaust kominn með raksápuna og kústin á loft.

Mér líkaði tungumálakennslan vel, og þegar komið var fram að jólafoðunni - já, Japanir héldu það sem mætti kalla viðskiptaleg jól, því að allar búðir fylltust af jólaþingum og jólasveinum um mánaðarmótin nóvember-desember - var ég farinn að heyrja orðaskil, þegar japanska var töluð, alveg eins og með dönskuna eftir fyrsta

haustið mitt í Danmörku. Ég ákvað því að sækja framhaldsnámskeiðið, þar sem var farið yfir undirstöðuatriði í málfræði og sagnbeygingum, sem voru nú ekki sérlega flóknar miðað við íslensku. Þegar komið var fram á vor, gat ég orðið bablað heilmikið á japönsku, þótt ritmálið væri mér lítt skiljanlegt. „Ame ga futte imasu“ var sagt, þegar mikið rigndi og öll dagleg ávarps- og kveðjuorð orðin vel þekkt.

Ég hélt áfram að læra japönsku, eftir að ég var kominn heim til Kaupmannahafnar, fór á námskeið hjá Kaupmannahafnarháskóla og lærði þá talsvert í ritmálinu. Því miður dofnadi áhugi minn á japönsku með árunum, einkum þegar ég fór að læra spænsku. Henni kynntist ég fyrst í Japan, því að Suður-Amerikumennirnir töluðu jú allir spænsku innbyrðis, og var ekki hægt annað en reyna að fylgjast með. Ég minnst eins stúdents frá Mexíkó, sem var í Japan til að læra japönsku. Hann var mikill málamaður og vildi fræðast um íslenskt mál, sagðist stefna að því að hafa vald á að minnsta kosti 20 tungumálum. Hann lét mig kaupa bókina Teach Yourself Spanish og tók mig í spænskutíma. Þannig byrjaði spænskunám mitt, sem endaði með því, að ég varð sæmilega mæltur og ritfær í spænsku eftir dvöl mína í Mexíkó mörgum árum síðar. Japanskan situr hins vegar föst í ryðgaðri skúffu í heilanum, sem myndi kosta mikið átak að opna aftur.

Skólinn hélt áfram að kynna okkur fyrir japanskri menningu. Við fengum meðal annars að sjá og læra hvernig á að haga sér í hinna hefðbundnu japönsku te-serimóníu. Var farið með okkur í gamalt munkaklaustur, og þar voru fyrir munkar sem tilreiddu teið. Notuðu þeir ekki

telauf heldur grænt duft, sem þeir hrærðu í heitu vatni með litlum trébursta. Síðan helltu þeir teinu í fállega postulínskrús og réttu þeim fyrsta af fimm þáttakendum, sem krupu saman á gólfinu við teborðið í herbergi að stærð um 4,5 tatami strámmottur á kant. Gesturinn hneigði sig og saup smásopa úr krúsinni, þurrkaði barminn og sneri krúsinni um einn fimmtung og rétti næsta manni. Það þurfti að henda reiður á þessu öllu saman, hneigja sig á réttum tíma og gleyma ekki að snúa krúsinni.

Snemma morguns seint í nóvember var ég að baða mig í sameiginlega baðklefanum á efstu hæðinni í Asia Kaikan. Ég heyrði mikil hróp og köll frá ganginum: „Kennedy hefur verið drepinn.“ Ég hyggt að flest okkar sem upplifðum þennan hræðilega atburð 22. nóvember 1963, munum hvar við vorum stödd, þegar fréttir af dauða Kennedy Bandaríkjafoseta bárust til heimabyggðarinnar. Japönsku dagblöðin Asahi Shimbun og Mainichi gáfu út styttri enska útgáfu af blöðum sínum, svo að við gátum lesið um skotárásina á bifreið forsetans og morðingja hans Lee Harvey Oswald. Þessi atburður hafði mikil áhrif á okkur öll.

Nú var komið að jólum. Það var samt ekkert frí í skólanum fyrr en um áramótin, en þá fá Japanir nokkra frídaga. Enginn okkar átti þess kost að fara heim í jólafrí, svo að við kristnu mennirnir í hópnun fórum saman út að borða á aðfangadag. Ekki voru neinar jólagjafir að þessu sinni, en söknuður eftir fjölskyldunni heima var mikill. Það var mjög erfitt og dýrt að hringja frá Japan til Íslands, svo að Sigríður og ég sendum hvort öðru bréf, sem tók margar vikur að berast til viðtakenda.

Þegar nýársfríð kom, fórum við saman að skoða betur borgina og heimsóttum stóru garðana, en Japanir hópast þar saman þessa frídaga, einkum á nýársdag. Viða í almenningsgördum borgarinnar eru Shinto musterí, sem borgarbúar sækja í til að votta guðunum og látnum ættingjum virðingu sína. Borgarstjórnir Tókjóborgar hafa borið gæfu til að varðveita öll grænu svæðin, sem höfðu myndast þegar á síðmiðöldum í borginni. Mjög stórir garðar eru í Shibuya, Shinjuku og Ueno, en mestur allra er garðurinn kringum keisarahöllina, gamla Edo-kastalann. Minningargarðurinn um Meiji-keisara með fállegu Shinto musterí er hluti af Yogoi-garðinum í Shibuya, en þar var mikið fjölmenni um áramótin, og fórum við einnig þangað. Ég tel að borgarstjórn Reykjavíkur gæti mikið lært af Japönnum hvernig eigi að umgangast græn svæði, stór og smá, í borgum.

Í upphafi árs er haldin mikil viðhafnarsamkoma í keisarahöllinni, þar sem almenningur (svona útvaldir skulum við segja) fær aðgang og keisarahjónin koma fram á svalir

og kasta kveðju á mannfjöldann. Í sérstöfum hátíðarsal er viðhafnarsamkoma með danssýningu, meira í stíl við listrænar, hægfa hreyfingar hirðmanna í glæsilegum miðaldabúningum, meðan barið er taktfast á ævafornar, fagurlega skreyttar trumbur.

Við fengum boðskort á samkomuna á vegum skólans og mættum prúðbúnir með leiðsögumanni í anddyri keisarahallarinnar. Okkur var síðan hleypt inn í salinn, þar sem danssýningin fór fram. Skrautið og allur umbúnaður var yfirgengilegur, en Japanir halda fast í fornar venjur og siði. Ekki minnst ég þó þess, að hafa barið Hirohito keisara og keisarynjuna augum, en þetta var stórkostleg uppákoma. [...]

Vorið er dásamleg árstíð í Japan. Að sjá blómin á kirsuberjatrjánunum springa út í byrjun apríl er óviðjafnaleg sjón, enda flykttust Tókjóbúar og við skólafélagarnir með í stóru garðana til að sjá trén í fullum blóma. Við vorum að sjálfsgöðu látnir læra textann við hið þekktu japanska sönglag Sakura (kirsuberjablóm) og sungum það með japönskum vinum okkar. Lagið var mjög vinsælt á þessum tíma og leikið í öllum útvarpsstöðvum í Japan. Það náði síðan miklum vinsældum um allan heim, en angurvær hljómlistin er sérlega áheyrileg, þótt hún sé frá tíma Meiji-endurreisnarinnar á 19. öld, ef til vill einmitt þess vegna. Má segja að lagið hafi orðið eins konar þjóðsöngur Japana. Reyndar er til annað lag, Sukiyaki, sem er litlu síðra. Það kom út 1961, varð strax mjög vinsælt og mikið leikið á Vesturlöndum.

Það lag heitir að vísu Ue o Muite Aruko á japönsku og hefur ekkert með hinn vinsæla nautakjötsrétt Sukiyaki að gæra. Það voru vestrænir útvarpsþulur sem fundu upp á því að kalla lagið Sukiyaki, líklega vegna þess, að það var eitt af fáum japönskum orðum, sem þá voru þekkt á Vesturlöndum. Texti Sakura lagsins, sem venjulega er sunginn, hljóðar svona:

Sakura sakura
yayoi no sora wa
mi-watasu kagiri
kasumi ka kumo ka
nioi zo izuru
izaya izaya
mini yukan

Sakura, sakura
sjást á himni að vori,
eins langt og augað eygir.
Er þetta mistur eða ský?
Í lofti blómilmur
Komdu nú, komdu nú
fórum og sjáum þau

Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur fór í fyrirlestraferð til Japans um haustið sama ár og ég hafði verið þar. Hann samdi skemmtilegan íslenskan texta við lagið, þar sem sagt er frá andvaka samúræja. Alls staðar þar sem við komum í þessum ferðum okkar hittum við hópa skólábarna eða starfsmannahópa í sömu erindagjördum, að skoða náttúruundur og menningararf japönsku þjóðarinnar. Þeim þóttu við Evrópubúarnir vera dálítið skriftnir, enda lítið um erlenda ferðamenn í Japan á þessum árum. Japönsku skólakrakkarnir, einkum stúlkurnar, vildu ólm láta taka mynd af okkur með sér. Var ekkert sjálfsgöðara. Í maí var hið árlega skólaferðalag á dagskrá. Farið var með allan hópin, nemendur og nokkra kennara sem leiðsögumenn. UNESCO-fulltrúarnir Kárník og Falconer voru einnig með í ferðinni.

Við fórum fyrst með lestinni til gömlu keisaraborgarinnar Kjóto. Byssukúluhraðlestin - Shinkansen, sem gat náð meira en 250 km/klst. hraða, var enn ekki komin í gagnið, en hún átti að verða tilbúin fyrir Ólympíuleikana í ágúst, svo að við fórum með frekar gamaldags, hægfa lest. Það var gaman að sitja við lestargluggann og sjá landslagið þjóta framhjá. Fuji-fjallið var áberandi á leiðinni, en í hlífum þess eru miklir skógar. Í neðri hlífum fjalls-

ins eru mörg smáborg og munkaklaustur, sem Tókjóbúar flykkjast til að heimsækja um helgar.

Ferðin til Kjóto tók einar fimm klukkustundir með lestinni. Okkur var komið fyrir á stóru hóteli í miðborginni, en um kvöldið fór hópurinn niður að Katsura ánni, sem rennur gegnum borgina. Við bakka hennar er röð af göðum veitingahúsum, með útiverönd sem snýr að ánni. Þar var gott að sitja, fá sér eitt ölglas og unagi (grillaðan ál), enda mannmergöin mikil í göðviðrinu. Í Kjóto voru samt mest megnis japanskir ferðamenn og margir skólahópar. Eins og í Tókjó, var ekki mikið um erlenda ferðamenn. Það breyttist þó ört eftir Ólympíuleikana.

Næsti dagur fór allur í að skoða hofin og munkaklaustur. Líklega eru hvergi í víðri veröld fleiri musteri og klausturbyggingar en í Kjóto. Það væri til þess að æra óstöðugan að segja frá þeim öllum. Læt ég nægja að fjalla um gullna hofið, Kinkaku-ji, en fállegri bygging hef ég vart séð. Herstjórnin Ashikaga Yoshimitsu lét byggja hana 1397, og að honum látnum varð hún Zen-musteri búddatrúarmanna. Byggingin stóð af sér allar árásir manna og náttúru gegnum aldirnar. Í seinni heimsstyrjöldinni tóku Bandaríkjamenn þá ákvörðun að hlífa Kjóto við öllum árásum vegna þeirra menningarverðmæta, sem borgin hafði að geyma. Þannig stóð hofið í allri sinni dýrð fram til ársins 1950, þótt gyllingin, sem upphaflega var úr skíra gulli, væri tekin að fölna. Í júlí það ár kveikti ungar, geðveill Búddamunkur í hofinu, og það brann til grunna. Kinkaku-ji var hins vegar endurbyggt eftir gömlum teikningum og myndum með japanskri nákvæmni, og ekkert til sparað. Gyllingin á nýju byggingunni er því meira áberandi en áður var.

Frá Kjóto fórum við í dagsferð til miðaldaborgarinnar Nara, sem var höfuðborg Japans um skeið á 8. öld. Þar sáum við meðal annars Todai-ji, Búddahof með risastóru búddalíkneski úr kopar. Hofið er stærsta timburbygging heims frá ármiðöldum, sem varðveitt hefur, en hún var reist á 8. öld. Þaðan var síðan haldið til Osaka, sem er ein mesta hafnarborg Japans. Þar er stóri miðaldakastalinn, sem var áberandi í sjónvarpsþáttunum Shogun frá 1980, þar sem leikararnir Toshiro Mifune (Lord Toranaga) og Richard Chamberlain (Anjin-san) fóru á kostum.

Nú var skipt um gir og farið með okkur til Hiroshima, borgarinnar sem varð fyrir fyrstu kjarnorkusprengju heims, Litla drengnum (The Little boy) 8. ágúst 1945. Við fengum leiðsögn um minningar-garðinn, sem er helgaður fórnarlömbum árásarinnar, en um 140 þúsund manns létu lífið af völdum hennar, flestallir óbreyttir borgarar. Að sjá skuggann af mannlíkama á gagnstétt, sem hefur varðveitt, lætur engan ósnortinn, en hann er einu líkamsleifar manns, sem fórst í árásinni. Vonandi kemur aldrei til þess aftur, að beitt verði kjarna-orðug í styrjöld. Hiroshima og Nagasaki eru meira en nóg.


Við héldum því næst til syðstu eyjarinnar Kyushu, sem er sú þriðja stærsta í eyjaklasanum, en myndar Japan. Þar búa um 10% þjóðarinnar, svo að landrymi er töluvert meira en á þéttbýlustu eyjunni Honshu. Við heimsóttum borgina Beppu á norðurströndinni og skoðuðum mikla hveragarða í nágrenninu. Jarðhiti er mikill á Kyushu, og þar er eldfjallið Aso-san, sem hefur verið mjög virkt síðastliðin 75 ár eða svo, gaus síðast 2016. Japanir hafa verið öflugir í að nýta jarðhita, eins og við Íslendingar, og byggt margar smærri jarðvarmavirkjanir.

Nú var komið að lokum ferðarinnar og haldið af stað með hraðlest til baka til Tókjó, enda mikill annatími í skólanum fram undan. Við áttum að fá lokaverkfestu til úrlausnar.

Skýringum er sleppt.

Helgarsögur Gár og Gys

eftir Hannes Örn Blandon




Gamansögur í bundnu máli, sögur úr Eyjafirði, kirkjusögur, þjóðsögur og einkamálasögur hlýjar og ljúfar.





Eitt af kraftaverkum
Íslands í bókmenntum.

- LITTERATURSÍDEN,
DANMÖRKU



* * * * *

MORGUNBLAÐIÐ

“Mögnuð”

KILJAN

* * * * *

STUNDIN




BENEDIKT



BÓKAÚTGÁFA




Týnda öldin í
Íslandssögunni.



Í hópi allra bestu
núlifandi höfunda.

- BERLINGSKE



Hið hárfína og ofurviðkvæma

BÆKUR

SNÆÐÍS
BJÖRNSDÓTTIR



Ljóðsaga

Skurn ★★★★★

Eftir Arndís Lóa Magnúsdóttur
Una útgáfuhús 2022. Kilja, 103 bls.

Í ljóðsögunni *Skurn* eftir skáldið og þýðandann Arndís Lóa Magnúsdóttur er fjallað um allt sem er kringlótt. Kannski ekki bókstaflega allt, en að minnsta kosti ansi margt, svo sem um okfrumur og egg, brothættar höfuðkúpur, ryksuguvélmenni, björgunarhringi, eldhúshellur, umferðareyjur, kalda og heita potta og brynvarin beltisdýr sem hringa sig saman í kúlu þegar hætta steðjar að. Og áfram mætti telja. Ljóðsagan er sögð út frá sjónarhorni ungrar stúlku sem tekst á við áfall í kjölfar

þess að eineggja tvíburasystir hennar verður fyrir slysi og höfuðkúpurbrotar. Fljótlega kemur í ljós að öll formskynjun tvíburasysturinnar hefur brenglast eftir höfuðhöggið, augun koma ekki lengur því sem þau sjá heim og saman, og að héðan í frá mun eina myndin sem hún fær af heiminum vera líkt og séð í gegnum lítið gat. Á meðan tvíburasystirin berst fyrir lífi sínu á spítalanum þjáist ljóðmælandi af svefnleysi og dreifir huganum við að hugsa um allt sem er hringlaga. Gegnumgangandi í bókinni er síðan spurningin um það hvort hægt sé að skilja sársauka annarra.

Skurn er einstaklega myndræn saga um hið ofurviðkvæma og hárfína í tilverunni, það sem er brothætt en samt svo sterkt. *Skurnin* verður margrætt tákni sem markar skilin á milli eins lífs og annars, útlínur ólíkra heima og endimörk hins skiljanlega; eggjaskurn, líkt og ljóðmælandi bendir á, er í senn hið sterkasta og viðkvæmasta, nógu burðargott til að verja nýtt líf fyrir umheiminum og „nógu sterkt til að bera foreldri sem liggur á því, en um leið nógu brothætt til að ungin geti komist út úr því upp á eigin spýtur“. Ljóðmælandi kafar hér á látlausan og persónulegan máta djúpt inn að kjarna hins tilvistarlega og sálræna og fær lesandann til þess að líta inn á við. Arndís Lóa er snillingur í að draga upp hárbættar og nákvæmar myndir sem læðast aftan að lesandanum og vekja margslungrar tilfinningar.



Morgunblaðið/Eggert

Að mati rýnis er *Skurn* er einstaklega myndræn saga um hið ofurviðkvæma og hárfína í tilverunni.

Í *Skurn* er fjallað á vandaðan máta um áföll og aðskilnað, viðkvæmni og styrk, berskjöldun og varnirnar sem við setjum upp til að hlífa okkur gegn því sem við óttumst mest. Sagan minnr okkur sömuleiðis á það hversu skyndilega allt getur breyst og hve berskjölduð við erum í ástinni, en þeirri berskjöldun ættum við að taka opnum örmum því hún færir okkur nær því sem við þráum ef til vill mest, mannlegri nánd. Í vitund ljóðmælanda skýtur mynd af beltisdýri endurtekið upp kollinum og hún hugsar með öfund til þess eiginleika dýrsins að geta hníprað sig saman í fullkominn 360° hring þegar að því steðjar ógn: „Hringurinn er svo þéttur að agnarsmármaur getur ekki einu sinni smogið í gegnum brynjunna. [...] einn fullkomnasti hringur sem til er frá náttúrunnar hendi.“ Löngunin til þess að vernda okkur sjálf og þau sem okkur þykir vænst um fyrir öllu illu er áreiðanlega eitthvað sem flest geta samsamað sig við. Hér skilar höfundur til lesandans þaulhugsadri og fingerðri umfjöllun um hið brothætta og viðkvæma í mannlegri tilvist, um samband mæðra og dætra og ástina sem heldur heiminum saman.

Skurn er afar hrífandi og falleg ljóðsaga sem erfitt er að slíta sig frá. Sjálf las ég hana í einum rykk og gat ekki með nokkru móti lagt hana frá mér fyrr en sögunni var lokið. Það er eitthvað við það hve textinn rennur mjúklega áfram sem gerir það að verkum að sagan verður nánast dáleiðandi. Hér er engu orði ofaukið og ekkert vantur upp á; tónninn er hárfinn, myndmálið fingert en þó áhrifamikið og frásögnin einstaklega frumleg og sönn og hreyfir við einhverju djúpt innra með lesandanum. Þetta er bók sem unun er að lesa og ég bið með tilhlökkun eftir næstu bók Arndísar Lóu.

Bækur sem verða að vera til

● Sverrir Norland og Cérise Fontaine gefa út fallegar bækur

VIÐTAL

Árni Matthíasson
arnim@mbli.is



Sverrir Norland hefur gefið út nokkrar bækur, síðast bókina *Stríð og klíð*, sem kom út á síðasta ári. Hann er ekki bara rithöfundur og fyrirlesari, heldur rekur hann einnig bókaforlagið am með Cérise Fontaine, eiginkonu sinni, og þau gefa út þýddar barnabækur sem þeim finnst svo góðar að þær verði að vera til á íslensku.

„Menning finnst mér, og þá sérstaklega íslensk menning, snúast um að hrinda ýmsu í framkvæmd. Stundum er fólk að kvarta yfir því að það vanti hitt og þetta og þá hugsa ég oft: Þið sem eruð að kvarta, af hverju gerir þið ekki eitthvað í því? Við erum nú ekki það mörg og það þarf stundum að gera hlutina. Einhvern veginn hefur það því þróast svo að ég er líka í því að gefa út bækur.

Þetta byrjaði með því, og hljómar eflaust eins og mikilmennskubrjálæði líka, að við Cérise konan mín, sem er frönsk og hefur unnið að útgáfu í Bandaríkjunum og Frakklandi, stofnuðum bókaútgáfu þegar við fluttumst heim til Íslands frá Bandaríkjunum.“

Bækur á stærð við snjallsíma

„Eins og þú hefur eflaust tekið eftir þá er til útbreitt tæki sem heitir snjallsími og 2018 hugsaði ég með mér að við ættum að gefa út bækur sem væru á stærð við snjallsíma, sem myndu passa í vasa. Ég átti svo mörg handrit að við settum saman fimm bóka pakka, sem Cérise hannaði, settum í bókaklippu og seldum saman. Þetta voru ekki stórar innbundnar bækur í jólapakkann, heldur þrjár skáldsögur í hæfilegri lengd, *Hið agalausea tívoli*, *Fallegasta kynslóðin* og *Manneskjusafnið*, smásagnasafnið *Heimafólk*, og ljóðabókin *Erfðaskrá á útdauðu tungumáli*.

Þetta gekk það vel að bækurnar seldust upp og við áttum smá hagnað. Í framhaldinu stofnuðum við forlag sem gefur bara út barnabækur, am forlag. Cérise ólst upp í Frakklandi og það var til svo mikið af góðum barnabókum þar í landi og okkur fannst að það væri pláss fyrir slíkar bækur á íslenskum markaði, fyrir bækur þar sem svo væri vandað til verka að það stæðist kannski ekki kapitalískar forsendur. Þetta er ástríðuverkefni og hefur gengið vel.“

Krísan með þýddar bækur

— Nú hefur útgáfa á þýddum barnabókum dregist saman hér á landi á undanförunum árum.



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Hjónin Sverrir Norland og Cérise Sarah Fontaine reka saman bókaútgáfuna am forlag og sérhæfa sig í útgáfu á þýddum barnabókum.

„Það er smá krísa með þýddar bækur almennt, margþætt krísa. Það er náttúrulega mikið afþreyingarefni í boði en svo er líka erfitt umhverfi fyrir þýðendur. Maður ríður ekki feittum hesti frá því að þýða bækur á íslensku. Það er samt svo mikilvægt að við fáum erlendar bækur á íslensku, að erlendra hugsun sé snarað yfir á íslensku. Þetta er þó eins og margt annað sem við Cérise gerum, við erum ekki að spá í stóra samhengið, okkur langar að gera eitthvað.

Einn af þeim höfundum sem við höldum mikið upp á er Tomi Ungerer, franskur höfundur frá Alsace sem er jafnvigur á þýsku og frönsku og líka á ensku, þar sem hann bjó í Bandaríkjunum mestallt sitt líf. Hann gaf út um hundrað og fimmtíu barnabækur en sem listamaður hafði hann mikil áhrif á mig. Hann var alltaf svo frjór og glaður í sinni sköpun og gefandi. Þær bækur sem við höfum gefið út eftir hann eru allar frá sjöunda áratugnum. *Máni*, *Ræningjarnir þrír* og *Tröllid hennar Sigríðar*, en það sem er svo skemmtilegt við þær er að það er enginn skýr boðskapur í þeim, eins og er oft í barnaefni í dag. Bækur eiga ekki að hafa boðskap, en þær eiga að fá okkur til að hugsa, líka krakkana.“

Krakkar þola svolitinn óhugnað

„Mér hefur svo oft fundist efni fyrir börn, sérstaklega sjónvarpsefni frá

Bandaríkjunum, vera eins og það sé verið að segja við börnin: Jæja krakkar mínir. Nú skulum við setjast niður til að gera heimavinnuna okkar og fá okkur hollt að borða! Heimurinn er flókin og krakkar þola alveg svolitinn óhugnað snemma, eins og í Grimmsævintýrum og ljóðsögunum. Eins og í *Ræningjunum þremur* þá hafa ræningjarnir sankað að sér stórum fjársjóði og kynnst svo stúlku, ræna henni. Þegar hún spyr þá af hverju þeir geri ekki eitthvað við peningana sem þeir hafa rænt hafði þeim aldrei hugkvæmst neitt og í kjölfarið stofna þeir munaðarleysingjahæli. Þannig snýr Ungerer upp á hlutina og hinir vondu eru ekki endilega slæmir.

Fyrst var hugmyndin að gefa út bækur höfunda sem bæði skrifa og teikna sjálfir eins og Tomi Ungerer og Carson Ellis, sem er bandarískur höfundur. Ég þýði úr frönsku og ensku og skordýramáli, sem er á bókinni hennar Carson Ellis, *Kva es þak?*, sem var mjög gaman að þýða. Svo gefum við líka út bækur eftir japanskan höfund, Junko Nakamura, sem skrifar bók fyrir yngstu börnin, *Í morgunárið*, og notar bara fjóra liti í bókinni. Einnig var að koma út bók eftir Bastien Contraire um risaeölu þar sem hann notar bara þrjá liti og stenslataekni. Ég er fagurkeri en hún Cérise hefur menntað mig svakalega mikið í myndlist og bókum. Okkur finnst gaman að búa til virkilega fallega og vandaða hluti.“

Stríðsdagbók og ljóð í TMM

● Ljóð, sögur, hugvekja og bókarýni

Fjórða tölublað Tímarits Máls og menningar kom út á dögunum. Meðal efnis í ritinu eru tveir kaflar úr stríðsdagbók ukrainska rithöfundarins Andrejs Kúrkovs í þýðingu Jóns Halls Stefánssonar. Einnig er í ritinu ljóð ukrainska skáldsins Serhíj Zjadan, í þýðingu Áslaugar Agnarsdóttur og ljóð og sögur eftir Sofie Hermansen Eriksdatter, Arndís Þórarinsdóttur, Véstein Lúðvíksson, Rúnar Helga Vignisson, Ágúst Borgþór Sverrisson, Guðrúnu Ingu Ragnarsdóttur, Ægi Þór Jahne og Örn Elvar Arnarson.

Viðar Hreinsson fjallar um Systu sögu Steinunnar Sigurðardóttur, Sigrúnu Margrét Guðmundsdóttir rýnir í söguvið Mánasteins



Mynd Jónasar Reynis er á kápu Tímarits Máls og menningar.

eftir Sjón, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bregður upp hvernig hægt er að gera tungumálið kynhlutlaust og af hverju margt fólk leitast nú við að breyta máli sínu í þá átt. Guðrún Steinþórsdóttir sýnir okkur breytinguna sem verður á múmínmömmu á milli fveggja síðustu bókanna um fjölskylduna í Múmíndal, og Anton Helgi Jónsson og Þorvaldur Sigurbjörn Helgason lýsa hvor með sínum hætti áhrifum sem þeir hafa orðið fyrir af ljóðum annarra skálda.

Fjallað er um þrjár nýjar bækur. Þær eru Auðlesin eftir Adolf Smára Unnarsson, Sterk eftir Margréti Tryggvadóttur og Óskilamunir Evu Rúnar Snorrardóttur.

Jónas Reynir Gunnarsson birtir fjórðu og síðustu hugvekju sína fyrir Tímaritið og á jafnframt kápumynd heftisins sem tekin er við Veröld – hús Vigdísar.

RÖT RÖT

Allt sem þú þarft að vita um Kína og meira til

„fróðleg, upplýsandi og eiguleg bók“

Hanna Birna Kristjánsdóttir
formaður stjórnar
Heimspings kvenleiðtoga

★ ★ ★ ★ ★

Gefðu þekkingu í jólagjöf

obs.is




Jóladagatöl hjá Storytel.

Njóttu aðventunnar með nýjum kafla á hverjum degi.




Guð leitar að Salóme
Höf. Júlía Margrét Einarsdóttir
Les. Unnur Birna Backman




Sögur fyrir jólin
Höf. Eva Rún Þorgeirsdóttir
Les. Salka Sól Eyfeld

Nýjar og spennandi!

„Skuggabrúin er fagurlega smíðuð bók [...] þar sem ævintýralegar frásagnir fléttast saman.“
- Sjón



Skuggabrúin
Höf. Ingi Markússon
Les. Ýmsar leikraddir




Dauðaleit
Höf. Emil Hjörvar Petersen
Les. Hjörtur Jóhann Jónsson

„Dauðaleit heldur manni frá upphafi til enda.“
- R.M.T. Morgunblaðið


Nýjar sögur í desember.



Sagan af Hertu 2
Höf. Anna Sundbeck Klav
Les. Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir



Sjálfstætt fólk
Höf. Halldór Laxness
Les. Jóhann Sigurðarson



Gauksunginn
Höf. Camilla Läckberg
Les. Álfrún Helga Örnólfsdóttir



Sjö eiginmenn Evelyn Hugo
Höf. Taylor Jenkins Reid
Les. Ýmsar leikraddir



Lára bakar
Höf. Birgitta Haukdal
Les. Birgitta Haukdal

Gefðu heilt bókasafn í jólagjöf.

Rafræn gjafakort fást á www.storytel.is/gjafakort

Aðalstöð frakkneskra fiskimanna

Bókarkafli Smári Geirsson hefur ritað sögu Fáskrúðsfjarðar í þremur bindum og Bókaútgáfan Hólar gefið út. Í sögunni er meðal annars fjallað um þróun byggðarinnar, málefni hreppa, sjávarútveg, landbúnað, iðnað, verslun, starfsemi mikilvægra stofnana og félags- og menningarmál. Í verkinu er mikil áhersla lögð á að styðjast við ritaðar heimildir allt frá opinberum skýrslum til endurminningaskrifa og dagbóka. Þá er einnig byggt á viðtölum við fjölmarga einstaklinga.

Fáskrúðsfjörður var lykilhöfn Fransmanna

Fáskrúðsfjörður varð snemma ein af helstu lykilhöfnum franska fiskiskipaflotans á Íslandi. Ekki er fullkomlega ljóst hvenær frönsku skúturnar hófu að venja komur sínar til Fáskrúðsfjarðar í rísum mæli en víst er að Flandrarar höfðu siglt inn á fjörðinn um árabíl áður en Bretónarnir fylgdu í kjölfar þeirra um 1870. Jón Ólafsson, ritstjóri, skáld og alþingismaður, var fæddur á Kolfreyjustað 1850 og ólst þar upp. Í endurminningaskrifum sínum getur hann um frönsku skúturnar sem heilluðu hann á uppvaxtarárunum og í Smalavísium sínum yrkir hann:

Halaklett ég upp komst á, ennþá koman þar mig gleður. Þá var bjart og besta veður, sá á Papey suður þá, eygði svo í einum svip fjörutíu franskar duggur, fimmtán róðrar-skip.

Þegar Þorvaldur Thoroddsen landfræðingur hafði ferðast um Austurland árið 1882 ritaði hann meðal annars eftirfarandi um Fáskrúðsfjörð í *Ferðabók* sína:

Fáskrúðsfjörður er aðalstöð frakkneskra fiskimanna við Austurland, og þar því oftast fullt af frönskum duggum. Hafa landsbúar mikil mök við þá og verslun. Hver getur vel gert sig skiljanlegan fyrir öðrum, því að þar og víðar á fjörðunum hefir skapast mjög skringilegt hrognamál, samsett af frakkneskum, þýskum og íslenskum orðum, er þeir nota til viðtals.

Áðurnefndur Jón Ólafsson getur um það í endurminningum sínum að hann muni eftir að 80-100 frönsk fiskiskip hafi legið samtímis við Búða-strönd. Fleiri heimildir eru um mikinn fjölda slíkra skipa á Fáskrúðsfirði. Marteinn Þorsteinsson kaupmaður segist eitt sinn hafa talið 65 franskar skútur og 9 enska línuveiðara á firðinum. Þá segir Þorvaldur Jónsson, sonur Jóns Davíðssonar, verslunarmanns á Búðum, að faðir hans hafi eitt sinn talið 120 skip sem lágu við festar.

Hinn mikli fjöldi franskra skipa, sem leitaði hafnar á Fáskrúðsfirði, hafði mikil áhrif á allt mannlíf þar. Almennt komu skútusjómennirnir í land til að þrifa sig og þvo af sér spjarinnar auk þess sem fylla þurfti á vatnsárum skipanna. Sömu skip komu inn á fjörðinn ár eftir ár og fyrir kom að kunningskapur myndaðist eða vinátta á milli skútusjómanna og heimamanna. Þá þróuðust einnig viðskipti á milli sjómanna og landsmanna og byggðust þau yfirleitt



Þorpið á Búðum og franskar skútur á Fáskrúðsfirði.



á vöruskiptum. Íbúar Fáskrúðsfjarðar fögnuðu því mjög þegar hinar tígulegu frönsku skútur sigldu inn fjörðinn á vorin og yfirleitt ríkti hlýhugur í garð hinna erlendu sjómanna.

Vélbátaöld gengur í garð

Árið 1904 urðu tímamót í sjávarútvegssögu Fáskrúðsfjarðar. Það ár lét Peder Johan Thorbjörnson Stangeland, kaupmaður og útgerðarmaður, smíða vélbát á staðnum og var bátinum gefið nafnið *Karmö* (Karmey). Báturinn var skráður í fiskiskipaskrá Suður-Múlasýslu 6. júní 1904 og er fyrsti vélbáturinn sem þar er skráður. Það liggur því fyrir að Karmö er fyrsti vélbáturinn í sýslunni og örugglega fyrsti vélbáturinn sem smíaður var á Austfjörðum. Karmö var smíaður úr eik og furu, súðbyrtur og 2,92 tonn að stærð. Báturinn var 8,86 metrar að lengd og 2,16 metrar að breidd en dýptin var 0,88 metrar. Útgerð bátsins hófst strax og smíði hans lauk og var fyrsti formaður á honum Hans P. Stangeland, sonur eigandans.

Árið 1906 bættust fjórir vélbátar í flota íbúa Fáskrúðsfjarðarhrepps og þrír til viðbótar árið 1907. Þessi bátar voru stærri en Karmö, eða 5-9 tonn að stærð að undanskildum kúttar *Liveley* sem var stökbyrt, þiljað skip og því ekki hefðbundinn vélbátur, enda 33,49 tonn að stærð, með 10 hestafla hjálparmótor.

Þessir fyrstu vélbátar, sem gerðir voru út frá Fáskrúðsfjarðarhreppi, voru súðbyrtir tvístefnugar, smíaðir að mestu úr þykkum eikarborðum, og voru böndin einnig úr eik. Í fyrstu var stundaður sjór á þeim opnum með afþiljaðan lúkar í framskut og hús yfir vél en við notkun bátanna sýndi það sig fljótt að nauðsynlegt var að byggja yfir þá dekk og jafnvel fjölga böndum. Stýrishús voru sett á bátana síðar.

Árabátasjómenn horfðu öf- undaraugum á vélbátana sem þutu um sjóinn eins og töfraknerrir. Í stað þess að þurfa að róa út á miðin og að landi hvíldust sjómennirnir á vélbátunum þegar siglt var fyrir vélarafi. Og ekki minnkaði öfundin þegar kom í ljós að vélbátarnir fiskuðu mun betur en árabátarnir; þrátt fyrir að formenn á árabátunum freistuðust oft



Verslunarhús sem Carl A. Tulinius kaupmaður reisti á Búðum árið 1895. Húsið var oft nefnt Tangi og einnig var talað um Útkaupstaðarverslun.

til að elta vélbátana á dýpri mið með tilheyrandi erfði og óöryggi.

Undirbúningur að stofnun Kaupfélags Fáskrúðsfirðinga

Þegar áhrifa heimskreppunnar miklu fór að gæta á Fáskrúðsfirði um 1930 voru íbúar þorpsins á Búðum rúmlega 600 og verslanir þar títu talsins. Innlendir kaupmenn höfðu verslunina í sínum höndum en þrátt fyrir það höfðu verslunarhættir lítið breyst frá tímum danskra selstöðuverslana. Nokkurrar óánægju gætti með verslunarhættina sem ríktu á Fáskrúðsfirði og í tvisang hafði verið efnt til kaupfélagsverslunar á samvinnugrundvelli en það mistekist í bæði skiptin. Árið 1931 var stofnað kaupfélag á Stöðvarfirði með útibúi á Breiðdalsvík og hófu margir íbúar á suðurbyggð Fáskrúðsfjarðar viðskipti við það. Þegar kreppeinennin birtust leiddu þau til þess að smærri kaupmenn á Búðum neyddust til að hætta rekstri og stærri verslunaryirtækini lentu í miklum vandræðum. Þessi alvarlega staða í verslunarmálunum leiddi til þess að ýmsir Fáskrúðsfirðingar hófu enn á ný að velta fyrir sér stofnun verslunarfélags sem væri reist á hugsjónum samvinnuhreyfingarinnar.

Árið 1933 voru Tangaeignirnar á Búðum teknar til gjaldþrotameðferðar af Páli Magnússyni, lögfræðingi á Eskifirði, en eignirnar höfðu áður tilheyrt Hinum sameinuðu íslensku verslunum og síðan hafði Jón Davíðsson kaupmaður nýtt þær um

tíma. Höfðu eignirnar reyndar verið auglýstar til sölu þegar á árinu 1931 en enginn hafði fest kaup á þeim. Tangaeignirnar þóttu vera á hagkvæmum stað til verslunarreksturs í þorpinu á Búðum og munu kaupmenn, sem fyrir voru á staðnum, hafa haft hug á að ná eignarhaldi á þeim en tilboð þeirra reyndist ekki vera viðunandi. Fáskrúðsfirðingurinn Stefán Björnsson, prófastur á Hólum í Reyðarfirði, var á þessum tíma endurskoðandi útibús Landsbanka Íslands á Eskifirði og fylgdist hann vel með þróun verslunarmála á Búðum. Stefán taldi brýnt að stofna kaupfélag á Fáskrúðsfirði og ræddi það mál við Björn Inga son sinn sem þá var 25 ára gamall og hafði nýlokið prófi frá Samvinnuskólanum en hann starfaði í bankaútibúinu á Eskifirði þegar hér var komið sögu. Taldi Stefán að Tangaeignirnar myndu henta væntanlegu kaupfélagi afar vel og þegar í ljós kom í júlímánuði 1933 að unnt yrði að fá þær keyptar fyrir 10.500 kr., ef slíkt tilboð bærst innan hálfis mánaðar, hvatti hann Björn Inga til að láta hendur standa fram úr ermum og hefja undirbúning kaupfélagsstofnunar þá þegar.

Birni Inga þótti hugmyndin um stofnun kaupfélags á Fáskrúðsfirði afar áhugaverð og hélt þegar af stað til að hitta þá menn í Fáskrúðsfjarðarhreppi og Búðahreppi sem helst voru taldir hafa áhuga á kaupfélagsstofnuninni. Á Vattarnesi bjó þá Þórarinn Grímsson Vikingur en hann hafði hafði búskap þar árið 1930 eftir að hafa dvalið fimm ár í

Vesturheimi. Þórarinn var Þingeyingur að uppruna og hafði verið bóndi í Garði í Kelduhverfi áður en hann hélt vestur um haf. Þegar Þórarinn bjó nyrðra hafði hann tekið virkan þátt í kaupfélagsstarfsemi þar og einnig sótt samvinnunámskeið á Akureyri árið 1916. Því má segja að Þórarinn hafi verið afar kunnugur starfsháttum kaupfélaga og þeim hugsjónum sem lágu að baki samvinnufélagsskap. Björn Ingi hóf ferð sína um norðurbyggð Fáskrúðsfjarðarhrepps og endaði fyrsta daginn hjá Þórarini á Vattarnesi. Upplýsti hann Þórarin að undirtektir bænda í norðurbyggðinni hefðu verið heldur daufar og var hann því ekki sérlega hjartáhrifinn á kaupfélagshugmyndin nyti stuðnings. Þórarini leist hins vegar afar vel á hugmyndina og hvatti hann Björn Inga til dáða. Ræddu þeir saman fram á kvöldið en síðan gisti Björn Ingi á Vattarnesi um nóttina.

Árla næsta dag hélt Björn Ingi ferð sinni áfram og nú slóst Þórarinn í för með honum. Riðu þeir félagar víða um sveitina og tóku bændur tali auk þess sem þeir ræddu við málsmetandi menn á Búðum. Undirtektir voru misjafnar. Sumir hvöttu til kaupfélagsstofnunar en aðrir rifjuðu upp fyrri tilraunir til að koma á fót slíkum verslunarsamtökum og hvernig þær höfðu endað. Á meðal þeirra neikvæðu voru bæði hreppstjórnir og oddvitin í Fáskrúðsfjarðarhreppi auk ýmissa gildustu bændanna enda nutu slíkir viðskiptavinir gjarnan nokkurra fríðinda hjá kaupmönnum. Nokkrir bændur lýstu því yfir að þeir hefðu áhuga á að taka þátt í stofnun kaupfélags en töldu sig ekki eiga möguleika á því vegna þess að þeir væru bundnir í skuldafjötra kaupmannanna.

Niðurstaðan varð þó sú á endanum að tólf búendur töldu sér fært að taka þátt í stofnun kaupfélags. Allt voru þetta einlægir samvinnumenn en margir bændanna í Fáskrúðsfjarðarhreppi voru hins vegar gallharðir íhaldsmenn sem höfðu litla trú á kaupfélagsstofnun. Í þorpinu á Búðum lýstu ýmsir menn því yfir að þeir styddu stofnun kaupfélags og vildu jafnvel taka þátt í slíkum félagsskap.

Þegar yfirreið þeirra Björns Inga og Þórarins var lokið taldist þeim til að rúmlega tuttugu manns hefðu heitið stuðningi við kaupfélagsstofnunina og var það talinn nægilegur fjöldi til að boða til stofnfundar.

KROSSGÁTUR
FRÍSTUNDARBÓKIN 1

FRÍSTUNDARBÓKIN
KROSSGÁTUR
95 krossgátur og athyglisbrautir af ýmsu tagi.
Frábær dægurvöl.

Frístund útgáfa ehf
www.fristund.net

ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN

Tilnefning

TIL HAMINGJU!

Við óskum höfundunum til hamingju með tilnefningarnar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna

FAGURBÓKMENNTIR



Kristín Eiríksdóttir



Dagur Hjartarson




BARNA- OG UNGMENNABÆKUR



Arndís Þórarinsdóttir




Eiríkur Örn Norðdahl



Sigrún Eldjárn



FRÆÐIRIT OG BÆKUR ALMENNS EFNIS



Árni Snævarr



BLÓÐDROPINN



Lilja Sigurðardóttir



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10-19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

Slitur úr löngu horfinni menningu

● Fyrsta skáldsaga Inga Markússonar er á mörkum vísindaskáldskapar og ævintýris ● Segir frá föllum heimi í fjarlægri framtíð ● Þriðja alvarlega tilraun Inga til að skrifa bók

VIÐTAL

Arni Matthíasson
arnim@mbl.is



Guðmund Inga Markússon þekktur eflaust margir sem tónlistarmann, enda var hann annar stofnandi hljómsveitarinnar Reptilicus á sínum tíma og hefur starfað að ýmsum tónlistarlegum verkefnum. Sem rithöfundur notar hann aftur á móti nafnið Ingi Markússon og sendi frá sér sína fyrstu skáldsögu á dögunum, bókina *Skuggabrúin*, sem Storytel gefur út í lestri Jóhanns Sigurðarsonar, Álfrúnar Helgu Órnólfsdóttur og Haraldar Ara Stefánssonar, en einnig sem kilju og rafbók.

Þótt þetta sé fyrsta bók Inga, þá segir hann að *Skuggabrúin* sé þriðja alvarlega tilraunin sem hann gerir til að skrifa bók: „Ég gerði atögu að vísindaskáldsögu um aldamótin og kláraði barnabók í kringum hrún. Hafði heitið því að ég yrði að reyna að minnsta kosti einu sinni enn og þetta varð úr.“

– Það er oft erfitt að greina á milli fantasíu fyrir fulloröna og börn og bókinn þín er harkaleg á köflum.

„Í sjálfu sér leiddi ég hugann lítið að því fyrir hvaða hóp eða aldur þetta væri, lagði áherslu á að skrifa það sem ég sjálfur hefði ánægju af. Á bókarkápu segir bæði fyrir ungmenni og fulloröna og ég held að það nái ágætlega utan um lesendahópinn. Ég hrifst af höfundum sem skrifa á þessum mörkum, til að mynda Ursule Le Guin og Neil Gaiman, og einnig höfundum sem skilgreindir eru sem barnabókahöfundar en skrifa bækur sem eru rétt eins fyrir aðra lesendur, til dæmis Mikael Ende, Tove Jansson og Philip Pullman. Svo tel ég mikilvægt að vinna gegn föstum skilgreiningum. Að börn lesi „upp fyrir sig“ er mikilvæg þroskaleið.

– Þú ert sem sé sjálfur áhugamaður um ævintýrabækur?



Morgunblaði/Arnþór Birkisson

Skuggabrúin er fyrsta skáldsaga Inga Markússonar, vísindaleg ævintýrasaga um baráttu milli góðs og illis.

„Já, það er ég – les svo sem allt en hef sérstakt dálæti á ævintýrum, bæði furðusögum og vísindaskáldskap. Jafnvel enn meira vísindaskáldskap.“

– Það er nú talsverður vísindaskáldskapur í bókinni, hún er ekki hrein fantasía þótt yfirnáttúrlæg fyrirbæri séu áberandi.

„Einmitt, þetta er hvort tveggja, ætli henni sé ekki best lýst sem fantasíu með vísindaskáldskaparívafi.“

Slitur úr löngu horfinni menningu

– Það má sjá líkindi með okkar

heimi í bókinni, ekki síst með vísun til þess sem gerist er mannkyn gengur of langt í náttúruni og valdagræði.

„Þetta er í einhverjum skilningi „fallinn“ heimur sem augljóslega hefur orðið fyrir miklum skakkaföllum, sem kemur fram í náttúru og vistkerfi; sem rímar nokkuð við það sem við sjáum fram á í dag, einmitt vegna ofdræms okkar, mannskepunnar.“

– Þú notar líka kunnugleg minni, eða snýrð skemmtilega út úr þeim ef svo má segja, t.a.m. Bifröst og fleira: „Vér skulum reisa okkur sjöfalda brú yfir himinfestinguna, sem

ná mun yfir alla jarðarkringluna, og skal brúin sameina allt mannkyn í eitt.“

„Jú, og einmitt þarna steypi ég saman norrænni goðafræði og Gamla testamentinu. En ólíkt kannski mörgum íslenskum fantasíum, þar sem höfundar hafa unnið skemmtilega með menningararfinn, beiti ég þessum vísunum til að undirstrika að sagan gerist í fjarlægri framtíð, nota til að leggja áherslu á forgengileika. Í sögunni eru þetta aðeins ævafornar og gleymdar minjar, slitur úr löngu horfinni menningu.“

– Það er margt vel gert í þessari

bók, þar á meðal það hvernig sýn okkar á persónurnar breytist smám saman eftir því sem líður á bókina – það eru allir með sína eigin áætlun, nema Dimmbrá kannski. Já, og Hnikar.

„Hugsa að það sé rétt hjá þér; að alpersónurnar, Dimmbrá og Hnikar, verða næstum sem það í refsakák sem þau fá lítið við ráðið, nema auðvitað á lykilandartökum í sögunni, þar sem þau breyta gangi mála. En mér er í mun að sýna fleiri víddir á persónum og öflum, til dæmis held ég að þótt vissulega komi fram illska og ofdræmb séu fáar persónur, eða öfl, dæmi um hrein illmenni eða illsku þegar öllu er á botninn hvolft.“

– Verður ekki erfitt að skilja við þennan heim, ertu með næstu bók í smíðum?

„Jú, það er alltaf hægt að finna hlíðar á heimsmynd eins og þessari sem væri spennandi að kafa ofan í, sem er kannski svolítið eðli furðusögunnar. Enda er það hugmyndin að þetta verði þrileikur. Ég er kominn vel á veg með aðra bókina.“

Eysteinn var menningarheimur

– Eitt að lokum: Þú tileinkar Eysteini Sigrúnar Björnssyni bókina – hann snart lif margra.

„Já, það gerði hann sannarlega. Margir muna eftir honum sem innkaupastjóra Bóksölu stúdenta til áratuga. Ég vann í bóksölu í nokkur ár sitthvorumegin við aldamótin. Hann hafði mikil áhrif á mig, og marga aðra starfsmenn. Í mínu tilfelli var hann endalaus uppspretta innblásturs um goðafræði, fantasíur og vísindaskáldskap sem kemur allt fram í *Skuggabrúinni*. Kannski væri best að lýsa honum sem „menningarheimi“.

Eysteinn var einn þeirra sem lásu handritið yfir. Hann kaus að einbeita sér að stíl og frásagnartækni og þetta var mitt einka ritlistar námskeið. Ég mun búa að þessu ævilangt – það er sárt að hann skuli ekki hafa séð bókina koma út.“

Nú finnur þú það sem þú leitar að á FINNA.is

FINNA Q

ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA

Byggðasaga Skagafjarðar


heildarútgáfa 1.-10. bindi.

Tíunda bindið kostar kr. 10.000.

Eldri bindi kr. 6.000 stk.

Tilboðsverð,
öll bindin 1.–10.
á aðeins 50.000 kr.

Sögufélag Skagafjarðinga
kt: 640269 - 4649
banki: 0310 - 26 - 017302.



Upplýsingar og pantanir í síma 453 6261 / 897 8646 eða á saga@skagafjordur.is

Frí heimsending ef keyptar eru tvær bækur eða fleiri.



SÖGUFÉLAG
SKAGAFJARÐINGA
STOFNAD 1937

Valdabarátta, græðgi og ofbeldi

BÆKUR

RÓSA
HARDARDÓTTIR



Ungmennabók

Ofurvættir ★★★★★

Eftir Ólaf Gunnar Guðlaugsson.
Vaka-Helgafell 2022. Innb., 355 bls.

Frá því að ég kláraði bókina *Ljósberi* í fyrra hef ég beðið óþreyjufull eftir framhaldinu, enda skildi hún lesendur eftir með óleystar gátur og ljóst var að ævintýrið var rétt að byrja. Í síðustu bók stóðu Hildur og Bjarni ein eftir, tilbúin að gefast ekki upp og finna félag sína eftir svaðilförr sem hafði endað illa. Baldur hvarf þeim sýnum og í eftirmála kemur



fram að hann hafi verið sendur heim aftur í heim sem var honum ókunnugur.

Ofurvættir hefst á kafla sem kallast Haugrof og heimsgáttir og er settur upp sem skýrsla um stöðuna sem skapaðist í lok fyrri bókar þegar heimsgáttir opnuðust. Í skýrslunni eru hæfileikar og staða sögupersóna rifuð upp. Þetta var ágæt upprifun en ekkert sérlega grípandi í byrjun bókar. Síðan hefst sagan. Eins og í fyrri bók er köflum skipt á milli fjögurra aðalpersóna, Bjarna, Theodóru, Hildar og Baldurs sem segja frá í fyrstu



Ólafur Gunnar Guðlaugsson með fyrstu bækurnar í þrileikum.

persónu. Bjarni á, eins og í *Ljósbera*, fyrsta kaflann og hefst þessi kaflinn einnig á martröðum hans. Að þessu sinni tengjast martraðirnar svaðilförum þeirra félagar þar sem við skildum við þá í fyrri bók hálfu ári áður. Allt hafði breyst hjá þeim fjórmenningum. Bjarni fékk taugaáfall og Hildur var send til útlanda og þau vissi ekkert hvað orðið hafði af hinum. En nú var kominn tími til að breyta því og hefjast handa við leit þeirra að félagum sínum en einnig leit að meiri þekkingu og skilningi til þess að geta orðið að líði.

Hildur hafði verið send til Írlands, á eyjuna Inis Mór þar sem hún átti að læra og þjálf hæfileika sína, fjarnæmi. Síðan opnuðust heimsgáttirnar með hryllilegum afleiðingum og Hildur komst heim. Þau Baldur hittast og átta sig á því

að heimsgáttirnar hafa opnast og að enginn geti lokað þeim, að þau geta ekki komið í veg fyrir frekari hrylling. Þau átta sig á að það er þeirra hlutverk með þessa hæfileika að finna leið til að loka heimsgáttunum. Theodóra þurfti að berjast við náorkuna til að koma til baka úr því helvíti sem hún lenti, hún þurfti á ljósorkunni að halda til að eiga afturkvæmt. Með kærleika, lífsorku og ást að vopni tókst henni að komast aftur heim til Bjarna og Hildar til að taka þátt í baráttu þeirra við návaldinn, baráttu þeirra við að loka heimsgáttum og fá Baldur aftur heim. Baldur átti við annars konar ofurefli að etja en eins og fyrr segir þá fer hann aftur til upphafs síns og fær upplýsingar um hver hann er í raun og veru. Baldur er síðasti seiðskrattinn og í hans heimi er að finna valdabaráttu, græðgi og ofbeldi sem hann þarf að finna lausn á.

Sagan er eins og fyrri bókin virkilega spennandi og mjög margslungin. Í sögunni heyrum við af hæfileikum og heimum sem á stundum er erfitt að greina á milli og skilja. Sögusviðið er flókið og á tímabili erfitt að ná samhenginu. En í lokin sér lesandinn tilganginn vel. Spennan magnast í lok sögunnar og skilur lesandinn eftir í sömu óþreyju og í fyrri bók eftir framhaldinu. Höfundur á auðvelt með að kalla fram myndræn tilþrif í huga þeirra sem lesa þennan kyngimagnaða spennutrylli og tekst vel að blanda saman yfirnáttúrulegum atburðum við íslenskan veruleika í bland við galdra, seiði og fjarnæmi. Ég bíð spennt eftir lokakaflanum.




3499





4999




4999





3999





4999




3999




5299




5699




5699



4999



4999



NJÓTTU ÞESS AÐ
VERSLA BÆKUR Í
FALLEGU UMHVERFI

BÓKABÚÐIN ÞÍN



SALKA

Hverfisgötu 89-93 • salka.is

BÓK ER BESTA
GJÖFIN!

TILBOÐSVERÐIN GILDA TIL OG MEÐ 7. DESEMBER

Hvað gerum við fram að heimsendi?

● Auður Ava Ólafsdóttir tekst á við hugmyndir um heimkynni, ábyrgð og tungumálið í skáldsögunni *Eden* ● Málvísindakona hefst handa við að skapa sér Edenslund á gróðursnauðum reit

DAGMÁL

Ragnheiður Birgisdóttir
ragnheidurb@mbl.is



Nýjasta skáldsaga Auðar Övu Ólafsdóttur, *Eden*, er að sögn höfundarins opin í margar áttir. En hljómbotn frásagnarinnar segir hún vera heiminn okkar sem er að farast vegna loftslagsbreytinga og ein spurning er í forgrunni í verkinu: Ef heimsendirinn, sem við vitum öll að er yfirvofandi, er ekki í kvöld, hvað gerum við þá þangað til?

Í *Eden* segir af málvísindakonunni Ólbu sem festir kaup á gróðursnauðum landskika og einsetur sér að breyta honum í Edenslund. Þar kynnist hún meðal annars nágrannanum á næsta bæ og íbúum í nálægu þorpi sem sýna málvísindunum mikinn áhuga. Mikilvægast er þó líklega sambandið sem skipast milli hennar og flóttadrensisins Danyels. En þótt hversdagurinn og mannleg sambönd virðist í forgrunni í verkinu er ljóst að loftslagsváin er alltumlykjandi.

„Við erum svolítið í beinni útsendingu hamfara. Á vefmiðlum heimsins eru þrjátíu hamfararéttir á dag og þá erum við ekki að tala um stríðin. Hvað gerir svona venjuleg manneskja, málvísindamanneskja, þá? Getum við eitthvað gert? Eða eigum við bara að halda áfram að dansa vinarvalsana eins og þeir gerðu í Vín þegar sá heimur var að líða undir lok fyrir fyrri heimsstyrjöldina?“ spyr Auður.

Höldum áfram að hugga

„Þrátt fyrir allt þá höldum við áfram að eiga börn og verðum ástfangin. Ég sá svolítið fyrir mér hina gullfallegu mynd *La vita è bella*. Í lokin þegar er verið að leiða föðurinn til aftöku leikur hann trúð fyrir barnið sitt,“ segir Auður. Þrátt fyrir að honum sé ljóst hver hans örlög verði reyni hann að hugga barnið.

Auður segist vinna með þessa hugmynd um að við höldum áfram að hugga þrátt fyrir að mikil ógn steðji að. „Hugmyndin var svolítið sú að ef þú tekur á móti trámatíseruðu barni úr stríði þá ferðu ekki að ræða við það um súrnun sjávar. Þú tekur utan um það og segir: „Þetta verður allt í lagi, hafðu ekki áhyggjur.““ Með þessum orðum vísar hún í samband málvísindakonunnar og flóttabarnsins.

Auður segir að sér hafi alltaf þótt spurningin um hvernig við lifum áfram þrátt fyrir hina yfirvofandi katastrofu, hvernig við lifum af, „miklu mikilvægari, erfiðari og flóknari“ heldur en hvernig við deyjum.

„Ég drep ekki mínar persónur. Mér finnst það kannski svolítið auðveldi leiðin út. Það er miklu flóknara hvernig við lifum lífinu, hvernig við lifum af og hvað við gerum þangað til. Hvernig við reynum hvert og eitt okkar að búa okkur til okkar litla Eden.“

Málvísindakonan hellir sér í mikið trjáræktarverkefni á landskikanum sínum og vísar Auður þannig meðal annars í hugmyndina um að við getum kolefnisjafnað neyslu okkar með skógrækt. „Við erum öll með sektarkennnd. Í mínum bókum er oft venjulegt fólk sem er ekki að



Morgunblaðið/Eggert

Loftslagsváin og það hvernig við lifum með vitneskjunni um þessa yfirvofandi krísu er meðal þess sem Auður Ava skrifar um í verkinu *Eden*.

bjarga heiminum heldur að gera eitthvað rosalega smátt. Þær eru kannski að gera garð fallegan sem er í niðurníðslu. Þetta er efni sem kemur eiginlega í öllum mínum bókum. Hún er að gera upp ónýtan sumarbústað og í leiðinni er hún að breytast, að gera upp sjálfa sig.“

Öll berum við ábyrgð

Auður tekur dæmi af hinum handlagna manni með borvél sem var söguhetjan í hinni margverðlaunuðu skáldsögu *Ör* en söguviðið í því verki er land þar sem borgarastrið hefur átt sér stað.

„Þá uppgötvaði ég það að eftir borgarastrið, þegar fólk er búið að missa heimili sitt, þá er grunnþörf mannsins að búa sér til nýtt híði, nýtt hreiður, nýtt heimili. Það er líka eitt af meginviðfangsefnum bókarinnar að búa sér til heimili. Og af því að söguhetjan mín er málvísindakona þá er hún alltaf að velta fyrir sér orðum og hún er að velta fyrir sér þessum orðum ‘heimur’, ‘heimili’, ‘heimkynni’.“

Það hvernig þessi orð ‘heimurinn’ og ‘heimili’ eru skyld verður Auði að efnivið og tengir hún það hugmyndum um það að vera aðkomu- maður einhvers staðar og hvernig maður býr sér til heimili.

Auður veltir einnig fyrir sér hugmyndinni um ábyrgð í verkinu. „Ég held að það sé stef í öllum mínum bókum. Ábyrgðin sem við berum hvert á öðru og þessi hugmynd um að stundum drögum við vagninn fyrir aðra og stundum draga aðrir vagninn fyrir okkur. Að við séum

einhvers konar samfélag. Við berum líka ábyrgð á vandalausum fólki, á náunga okkar, á einhvern hátt.“ Hún nefnir sem dæmi að í mörgum af bókunum hennar taki fólk að sér vandalaust barn.

Spurð hvort henni þyki hún bera ábyrgð sem rithöfundur, gagnvart lesendum og gagnvart heiminum, segir hún að það felist ákveðin ábyrgð í því að hafa fengið að vera til og að vera hluti af samfélagi manna.

„Mér finnst ég líka alltaf þurfa að hafa eitthvað að segja og það eru kannski einhverjar tvær, þrjár meginhugmyndir í hverri bók sem ég er að reyna að flétta saman.“

Ástaróður til íslenskunnar

„Eitt af því sem er að glatast eru tungumálin og ég ákvað snemma að söguhetjan yrði málvísindamanneskja og sérfræðingur í fámennistungumálum. Það er talað um að það sé eitt tungumál sem hverfur á tveggja vikna fresti í heiminum og árið 2050 verði 90% af tungumálum heimsins horfin.“

Hún kallar verkið ástaróð til íslenskunnar. „Mér finnst þetta svo ótrúlega fallett, sérstakt og stórkostlegt tungumál sem er hægt að segja svo margt á sem er ekki hægt að segja á öðrum tungumálum. Af því að mig grunaði að þessi bók yrði þýdd þá langaði mig einhvern veginn að erlendur lesandi myndi kynnast íslenskunni og fá ást á henni.“

Í verkinu eru ýmsar vangaveltur varðandi íslenska tungu í fyrirrúmi.

Maður getur þess vegna ímyndað sér að það verði áskorun að þýða verkið á önnur tungumál. Auður hefur ekki miklar áhyggjur af því enda segist hún vera með svo góða þýðendur sem hafa þýtt margar af hennar bókum og séu farnir að þekkja sérvisku hennar. Þeir viti að það sé mikilvægast að ná fram þeirri rödd sem einkenni verkin hennar.

Trúir ekki á tungumálið

Talið berst að því hvort Auður hugsi um tungumálið á svipaðan hátt og aðalpersónan Alba, sem sífellt er að velta fyrir sér málfræðiatríðum og orðnotkun. „Tungumál er alveg sér veruleiki, og veruleikinn er svo flókinn, og ég er að reyna að orða þessa hugmynd í öllum mínum bókum að tungumálið sé þessi sérstaki veruleiki.“

Hún líkir því að vera rithöfundur við það að vera þýðandi. Hann sé stöðugt að þýða myndir og hugmyndir yfir á orð. „Og í þessum hugmyndum eru oft einhver tengsl við þau áhrif eða þær tilfinningar sem maður vill vekja hjá lesanda án þess að orða það beint.“ Hún segir mikilvægt að predika aldrei því þá sé hætt á að lesandinn loki hreinlega bókinni.

Auður segist efast að mörgu leyti um mátt tungumálsins en viðurkennir þó að tungumálið sé mikilvægt valdataeki fyrir þá sem hafi það á valdi sínu. „En það er fullt af dásamlegum manneskjum í heiminum sem hafa ekki þetta valdataeki og það er líka misnotað. Sumir geta bara rökstutt allt og nota það sem áróðurstæki.“

Hún nefnir sem dæmi að búið sé að segja allt sem segja þarf um umhverfismálin en það hafi sýnt sig að það sé lítið gagn í því. Henni finnst þess vegna ekki duga að tala um þau eða nefna þau á nafn í skáldsögu.

„Ég í rauninni trúir ekki á nein orð þannig að það er kannski smá kaþólska í öllum mínum bókum; að þú réttlætir þig með verkum. Persónurnar mínar eru oft frekar þöglar persónur, svo lenda þær í einhverjum aðstæðum sem þær

þurfa að reyna að klóra sig fram úr með verkum sínum. Mér finnst mjög heillandi þessi hugmynd, og hún er í sjálfu sér mjög gömul, að rækta sinn garð. Að hver og einn geri eitthvað smátt og svo leggist það saman.“

Hún viðurkennir þó að það felist þversögn í því að efast svona um mátt tungumálsins en verða samt að nota það til þess að tjá sig og til þess að skrifa skáldsögu.

Næmleiki fyrir ljósinu

Verkið er ekki laust við húmor og þegar Auður er spurð hvernig hún nýti sér það töl segir hún: „Ég held að það sé svona mitt „survivor kit“, alveg frá því ég var barn. Þetta hljómar svolítið dramatískt en bækurnar mínar eru svolítið sprottnar úr örvæntingu, myrkri og sársauka en svo er þetta eins og drukknandi manneskja að reyna að krafla sig upp og lifa af og svamla í land. Það er þekkt á öllum tímum. Þegar atburðirnir verða of stórir, yfirþyrmandi og sársaukafullir þá þarf maður að nota þessar þversætður íslenskrar kímnigáfu.“


Spurð hvað sé framundan segist Auður munu kynna *Eden* fyrir íslenskum lesendum sem henni þyki skemmtilegt þó hún viðurkenni að hún sé svolítið feimin við þá. Henni finnst mun auðveldara að tala fyrir framan fullan sal af erlendum lesendum sínum. Hún segist einnig hlakka til að njóta adventunnar en henni finnst myrkríð gera desember og janúar að góðum tíma til þess að skrifa. „Mér líður vel í myrkrinu. Það fylgir því svo mikill næmleiki fyrir ljósinu og þetta snýst allt um ljósið.“

Auður Ava var gestur Ragnheiðar Birgisdóttur í Dagmálum fyrr í vikunni og má nálgast þann þátt í heild á vef Morgunblaðsins, mbl.is, eða með kóðanum hér fyrir neðan.



Dagmál

mbl.is/dagmal



Gaddavir og gotteri

er fjölskyldubók þar sem sagt er frá lífi og leikjum barna í sveit á Íslandi um 1970.

Bókin hentar vel til upplestrar fyrir börn. Svo hafa eldri börnin sem fæddust fyrir daga sjónvarpsins, þegar sveitasíminn var einu fjarskiptin, gaman af að lesa um horfinn heim sjöunda áratugarins.

„SNJALL“ „DJÚP OG TÆR“ „SKEMMTILESTUR“

„HEILLAÐI“

BJARTUR & VERÖLD



„Einstaklega vel skrifuð og skemmtileg bók.“

- Sölvi Sveinsson, Morgunblaðinu

„Bergsveinn er snjall ... mikilvægt verk.“

- Elín Hirst, Fréttablaðinu

„Hlý, djúp og tær.“

- Sölvi Halldórsson, Víðsjá

„... heldur lesandanum grettistaki.
... syngur í eyrum lesanda.“




- Ingibjörg Iða Auðunardóttir, Morgunblaðinu



7.

Metsölulisti
Eymundsson
Innbundin
skáldverk



- Steinþór Guðbjartsson, Morgunblaðinu

„Heillaði mig ... fílaði mjög vel, sagan hélt mér vel. Skemmtilestur.“

- Þorgeir Tryggvason, Kiljunni

„Haraldur er yndislega viðkunnanlegur lögreglumaður.“

- Egill Helgason, Kiljunni

„Aðdáendur Braga verða ekki fyrir vonbrigðum.“

- Þorgeir Tryggvason, Kiljunni

„Brjálæðislega snjall snúningur.“

- Egill Helgason, Kiljunni



Minningar og kenningar

BÆKUR

HELGI SNÆR
SIGURÐSSON



Myndasaga

Hvað nú? ★★★★★

Eftir Halldór Baldursson.

Forlagið gefur út. Innbundin.

Halldór Baldursson er einn þekktasti og ástsælasti skopmyndateiknari landsins, leyfi ég mér að fullyrða, og á að baki langan feril sem slíkur. Hefur hann teiknað skopmyndir í dagblöð, myndlýst bækur og tekið að sér hin ýmsu verkefni þar sem stíll hans er alltaf auðþekktanlegur, líflægur og spaugilegur og grínið oft svart og beitt. Halldór er naskur þegar kemur að því að sjá hið spaugilega í pólitík og samfélaginu og gerir

líka óhræddur grín að sjálfum sér og sínum samfélagshópi, hinum alræmdu miðaldra og hvítu körlum.

Nú er komin út bók sem er ólík öðru sem Halldór hefur

hingað til sent frá sér og mjög skemmtileg nálgun á verkefni sem hefði hæglega getað orðið drepleiðinlegt og þurrt: lokaverkefni í meistaranámi í listkenningu við Listaháskóla Íslands. Lokaverkefni Halldórs vorið 2022 var í formi myndasögu þar sem hann notaði og rannsakaði hvernig myndasagan gagnast í skólustarfi, svo vitnað sé í inngangsorð hans í bókinni.

Viðfangsefnið er tvíþætt, skrifar Halldór, annars vegar innihald sögunnar þar sem hann fer yfir eigin skólagöngu og skoðar námsferilinn í samhengi við kennslufræðin þar sem hann hefur aðkomu sem nemandi, kennari og listamaður, og hins vegar sjálft formið, myndasagan, hvernig frásagnarmáti þess forms og myndmál nýttist við að koma þekkingu og fróðleik til skila. Aftast í bókinni er svo vísað í heimildir úr ýmsum áttum, m.a. minningar Halldórs úr 4.-7. bekk og námskenningar og hugmyndafræði ólíkra fræðimanna. Á heildina litid má segja að Halldór flétti í þessu verkefni – og nú bók – saman minningum sínum, reynslu og fyrri störfum við ýmsar kenningar úr náminu og vangaveltur um hvert framhaldið verði. Hvað nú?, eins og spurt er í titli bókunnar og á öftustu síðu.

Þar sem þetta er lokaverkefni í námi er ekki á valdi þess sem hér skrifar að meta það sem slíkt en öðru máli gegnir um útgefið verk í formi bókar sem hefur að geyma



Halldór Baldursson er einn þekktasti og ástsælasti skopmyndateiknari landsins.

Morgunblaðið/Kristinn Magnússon



Teikning/Halldór Baldursson

Einn af mörgum spaugilegum römmum Halldórs Baldurssonar í bók hans, Hvað nú?

á hugaverða sögu með hinum ýmsu uppbrotum og hliðarþeygjum. Sem slíkt er verkið skemmtilegt og vel heppnað, þó sumt virki auðvitað betur en annað. Þannig finnst mér upprifjun Halldórs á eigin ævi og skólagöngu hvað skemmtilegust. Þar nær hann mestu flugi sem hómoristi og byrjar frásögnina af krafti með snúningi á þann kunnuglega og furðulega frasa að manneskja sé fædd í þetta eða hitt hlutverkið og starfið.

Á fæðingardeild kemur í heiminn drengur með blýant í hendi og ljósmóðir segir: „Úff! Enn einn fæddur listamaður“ og önnur bætir við að það hefði getað verið verra, hann hefði getað verið fæddur mannaússtjóri. Í framhaldi koma alls konar vangaveltur, t.d. hvort höfundur sé góður kennari, hvort kennsla sé list, hverjum kennarinn eigi að þjóna og hvernig við lærum yfirleitt. Tískugúrur ar í kennslufræði, sem Halldór kallar svo, þeir John Dewey og Paulo Freire, fá líka sitt pláss og spígspora montnir eftir sýningarpöllum. Halldór þjappar þeirra kenningum saman í stuttar og heldur fræðilegar setningar. Þar fór ég aðeins að missa athyglina og líklega vegna þess að bókin er þar farin að vísa meira í sitt upphaflega hlutverk, þ.e. sem lokaverkefni í námi.

Þegar áherslan á kenningar minnkar færast fjör í frásögnina, t.d. bráðfyndnar minningar Halldórs um sammendur í Breiðagerðsskóla þar sem einn strákanna, sá nýi í bekknum, var svo líkur John Travolta að stelpurnar klöppuðu fyrir honum. Minningar Halldórs um að hafa verið síteiknandi í skóla og vonlaus í fótbolta tengi ég vel við. Þannig var ég sjálfur og allir ættu svo að geta tengt við vangaveltur hans um hver hann sé yfirleitt. Hver hefur ekki velt því fyrir sér? Inn í fléttast svo sköndin varnarræða sjónlistakennara, þælingar um tilgang og eðli listarinnar og einnig er spaugileg upprifjun Halldórs á ólíkum viðbrögðum nemenda við aðferðum hans í æfingakennslu.


Útúrdúrar eru nokkrir, t.d. þegar Halldór tekur fyrir verðtryggingu og verðbólgu af óljósum ástæðum um en afgreiðir þó skemmtilega. Teikningarnar eru líflugar, litir af skornum skammti sem er ákveðinn stíll og virkar vel. Kallast það líka á við minningar Halldórs úr myndlistartímum í grunnskóla þar sem bestu tímunum var varið í að teikna en öllu verra þegar kennarinn skipaði honum að lita allt saman. „Það gerist ekkert þegar maður er að lita,“ segir hinn ungi Halldór niðurlútur.

Þetta er ágætlega heppnað verk hjá Halldóri og ástæða til að óska honum til hamingju með bæði það og hina nýju námsgráðu.

Skálholt: Excavations of a Bishop's Residence and School c. 1650-1790. Volume 1: The Site.

Í þessu fyrsta bindi um fornleifarannsóknir í Skálholti (2002-2007) er fjallað almennt um verkefnið en í því er einnig að finna ítarlega umfjöllun um þær fjölmörgu byggingar sem voru grafnar upp og voru í notkun á tímabilinu 1650-1950. Í bókinni er greint frá því hvernig byggðin og húsakosturinn breyttust á þessum tíma og gefin er innsýn í síðustu aldir biskupsstólsins í Skálholti og hvernig hann breyttist í venjulegt býli. Bindi 2 og 3 munu fjalla um einkar ríkulega efnismenningu á staðnum og vitnisburð umhverfisrannsóknna en saman munu þau gefa ómetanlegt yfirlit um lífshætti á einhverjum merkasta sögustað Íslands. Bókin er á ensku með samantekt á íslensku.

Höfundar: Gavin Lucas og Mjöll Snæsdóttir - Útgefandi: Fornleifastofnun Íslands ses.



Af pappírnum á netið

● Mikil fækkun matreiðslubóka

Í viðtali við Morgunblaðið í haust sagði Nanna Rögnvaldardóttir, afkastamesti matreiðslubókahöfundur Íslands, að sú tegund bókmennta væri að syngja sitt síðasta; uppskriftir og umfjöllun um mat hefðu færst af pappírnum og á netið. Ef litid er í Bókafélagi Félags íslenskra bókaútfendna, FÍBÚT, blasir og við að þar eru ekki nema fjórar bækur undir flokknum Matur og drykkur. Þar á meðal reyndar bók eftir Nönnu, *Countdown to Christmas*, sem geymir íslenskar uppskriftir og segir frá jólahæðum. Einnig *Eldað í air fryer* eftir Erlu Steinunni Árnadóttur, sem er tímaþætt verk í ljósi blástursöfnæðis



Ljósmynd/Ína María

Bökunarbókahöfundurinn bráðungi, Elenora Rós Georgsdóttir.

ársins, *Heimabarin*, eftir þá Andra Davíð Pétursson og Ivan Svan Corvasec, og *Bakað meira með Elen-*


oru Rós eftir Elenoru Rós Georgsdóttur. Til samantvívunar má líta í Bókafélagi FÍBÚT fyrir tíu árum og þá voru í þessum flokki tuttugu bækur og þar af sautján þeirra eftir íslenska höfunda.

Almennt hefur dregið úr bóksölu ytra eftir snarpra söluaukningu á Covid-tímum. Sala á matreiðslubókum jókst mjög mikið og sú aukning hefur ekki gengið til baka að fullu. Aðallega jókst sala á bókum sem kennda brauðbakstur, en áhugi á hollu mataræði og grænmetisæði minnkaði umtalsvert víða um heim, ef marka mátti sölu á matreiðslubókum.

Einnig hafa þættir eins og *The Great British Bake Off* stóraukið sölu á bökunarbókum og margfaldað hana vestan hafs þar sem þátturinn heitir reyndar *The Great British Baking Show*.




2999



3499




2499



4499





3999




2999



3999



7499



2999

NJÓTTU ÞESS AÐ
VERSLA BÆKUR Í
FALLEGU UMHVERFI



Hverfsgötu 89-93 • salka.is

BÓK ER BESTA
GJÖFIN!

TILBOÐSVERÐIN GILDA TIL OG MEÐ 7. DESEMBER

Undarlegheitin á Saurum

Bókarkafli Í bókinni *Draugaslóðir á Íslandi* fer Símon Jón Jóhannsson hringinn í kringum landið og segir um hundrað draugasögur úr flestum sveitum. Hverjum stað fylgja ljósmyndir eða annað myndefni og staðbundin kort.

Kynlegur farþegi

Laust fyrir miðja síðustu öld var bifreiðarstjóri úr Reykjavík sendur að vetri til með vörur suður í Sandgerði og átti að taka þar varning til baka. Meðan hann var að athafna sig í Sandgerði kom til hans maður og bað hann að taka með stúlkunni til Reykjavíkur sem misst hefði af áætlunarbílnum ef hann gæti. Bifreiðarstjórinn lofaði þessu og átti hann að taka stúlkuna upp í við ákveðið hús í þorpinu. Eitthvað dróst hjá bifreiðarstjóranum að ljúka því sem hann þurfti og var

því komið fram undir kvöld þegar hann var ferðbúinn. Ók hann þá að tilteknu húsi og áður en hann nam staðar vatt sér kona í dókkri

kápu að bifreiðinni. Bílstjórinn stoppaði bifreiðina og opnaði dyrnar farþegamegin en konan vatt sér inn og settist við hlið hans. Hún hafði meðferðis litla tösku sem hún lét í sætið við hlið sér. Læsti bifreiðarstjórinn hurðinni til öryggis. Konan heilsaði hvorki né tók kveðju hans, þótti honum það undarlegt og hugði að hún væri svona góð með sig. Úti var lygnt veður, fremur dimmt og fáir á ferli. Á leiðinni til Reykjavíkur reyndi bifreiðarstjórinn nokkrum sinnum að brydda upp á umræðuefni en hin fáláti farþegi hans svaraði honum aldrei neinu og ákvað hann því að láta konuna eiga sig. Ók nú bílstjórinn sem leið lá um Vatnsleysuströnd, gegnum Hafnarfjörð en þegar hann var kominn inn undir Reykjavík datt honum í hug að spyrja konuna hvert hún vilji fara. Á sama augnabliki fannst honum hann vera orðinn einn í bifreiðinni og þegar hann



Saurar í Kálfshamarsvík á Skaga í Austur-Húnavatnssýslu. Þar gerðust undarlegir atburðir veturinn 1964.



Ljósmynd/Ívar Gissurarson

Sáluhlíðið í Fossvogskirkjugarði við Suðurhlíð. Þar lá áður vegurinn til Hafnarfjarðar og þar leitaði ekkl að týndum farþega.

hægti ferðina og leit til hliðar var sætið autt og sást hvorki tangur né tetur af konunni eða tösku hennar. Bifreiðastjóranum datt þá einna helst í hug að hurðin hefði hrokkið upp og konan dottið út. Stöðvaði hann bifreiðina og athugaði hurðina en hún var þá lokað og harðlæst. Nú leist bílstjóranum ekki á blikuna og fór út og leitaði allt í kringum bílinn en fann ekkert. Þá tók hann eftir því að hann hafði stansað beint

fyrir utan sáluhlíðið á kirkjugaróin-um í Fossvogi.

Þegar bifreiðarstjórinn átti næst leið til Sandgerðis hitt hann manninn sem beðið hafði hann fyrir stúlkuna til Reykjavíkur en sá sagði að hann hefði illa brugðist sér þegar hann hefði farið til baka án þess að taka stúlkuna með eins og um hefði verið talað.

(Sbr. Þorsteinn M. Jónsson, *Gríma hin nýja. Safn þjóðlegra fræða íslenskra IV*, s. 234-235.)

Draugagangurinn á Saurum

Síðla vetrar árið 1964 fóru undarlegir atburðir að gerast á bænum Saurum við Kálfshamarsvík á Skaga í Austur-Húnavatnssýslu. Ýmsir húsmunir, svo sem borð og stólar köstuðust til, leirtau þeyttist af eldhúsbörði og brotnaði mélinu smærra. Þá hreyfðist rúm og skápar fóru um koll. Þungt stofuborð hreyfðist nokkrum sinnum úr stað og sáu menn það meðal annars hreyfast frá vegg og út á mitt gólf án þess að nokkur kæmi nálægt eða nokkuð annað hreyfðist í kring. Mikill óhugur greip um sig hjá heimilismönnum á Saurum og atburðirnir vöktu mikla athygli. Síminn á bænum þagnaði ekki svo dögum skipti. Tvær flugvélar með fréttamenn, jarðfræðing og ýmsa áhugamenn flugu norður. Þá komu þangað prestar, listamenn og fólk á vegum Sálarrannsóknarfélagssins. Jökull Jakobsson (1933-1978) rithöfundur var meðal þeirra er komu að Saurum og hafði hann með sér spænskan túlk. Sagnir hermdu nefnilega að á nesinu sunnan við



Ljósmynd/Ívar Gissurarson

Hofskirkja og kirkjugarður í Öræfasveit. Draugurinn Skupla fylgdi öllu heimilisfólki á Hofi mann fram af manni.

Saura væri spænsk dys. Þess vegna sögðu gárungar að atburðirnir á Saurum hefðu komið mönnum spánskt fyrir sjónir.

Sálarrannsóknarmennirnir séra Sveinn Víkingur (1896-1971) og Hafsteinn Björnsson (1914-1977) miðill voru í hópi þeirra sem komu að Saurum og þar var einnig Lára Ágústsdóttir (1899-1971) miðill. Haldinn var miðilsfundur sem blaðamenn fengu ekki aðgang að. Hafsteinn sagði ekkert um þessa atburði en Lára sagðist hafa orðið vör við löngu liðna sjómenn sem þó væru ekkert tengdir heimilisfólki á Saurum.

Undarlegheitin á Saurum hófust 18. mars en fjöruðu út að nokkrum dögum liðnum. Fólkið á bænum hafði fengið nóg af öllum hama-ganginum sem varð í kringum þetta mál og varðist nú allra fréttu. Talið var þó að undrin hafi haldið eitthvað áfram fram í apríl. Í byrjun apríl fór húsfreyjan á Saurum á sjúkrahús og hættu þá öll læti á bænum. Aldrei var komist til botns í því hvað var á ferðinni á Saurum en sumir töldu þessa atburði af mannavöldum en aðrir kenndu um ærsladraugum.

(Sbr. Gils Guðmundsson og Björn Vignir Sigurpálsson, *Öldin okkar: Minnisverð tíðindi 1961-1970*, s. 77-78 og *DV*, Draugagangurinn sem heltók alla þjóðina: Borð og stólar köstuðust til, rúm hreyfðist og skápar fóru um koll.“)

Skupla

Maður nokkur í Suðursveit er Þorsteinn hét fór í skóg að víða til

kolagerðar. Með honum var kona er Sigríður hét. Gat hún verið brellin og andstyggileg ef sá gállinn var á henni. Varð þeim skötuhjúum brátt sundurorða og Sigríður gerði Þorsteini flest til meins og ama. Ekki var mikil hjálp í henni við kolagerðina. Þegar Þorsteinn var búinn að kurla niður við og ganga frá kolagröfnum lagðist hann niður og sofnaði. Tók Sigríður þá upp á því dæmalausa fólksuverki að hún skeit, tók upp skítinn með hríslu og klíndi honum framan í Þorstein. Þorsteinn vaknaði og varð afar reiður, réðist á Sigríði og braut hana á bak aftur þannig að hún hálsbrotnaði og var nær dauða en lífi. Hún sagðist þá mundi fylgja honum og niðjum hans allt í nýnda lið. Þegar Þorsteinn var búinn að taka saman og hugðist leggja af stað heim ætlaði hann að vitja um Sigríði. Hún var þá horfin. Hafði hún gengið aftur og fylgdi Þorsteini eftir þetta. Fór hún um Suðursveitina eins og grár köttur og af því að hún hafði verið hálfifandi þegar hún fór á stjá þurfti að skammta henni mat. Hún var alltaf með skuplu á höfði og hallaði undir flatt af því að hún hafði hálsbrotnað. Margir sáu hana eða urðu varir við hana en hún gerði fólki lítið mein. Skupla fylgdi öllu heimilisfólki á Hofi í Öræfasveit mann fram af manni og oft fylgdi hún fólki á milli bæja.

(Sbr. Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri III*, s. 415-416, Magnús Bjarnason, *Þjóðsagnakver*, s. 148-150 og Sigfús Sigfússon, *Íslenskar þjóðsögur og sagnir II*, s. 185-186.)

Ljósker

Lísa María Jónsdóttir

Ljósker

Ljóðabók

Myndskreytt ljóðabók








Bókin *Ljósker* er óður til lífsins og náttúrunnar, en með henni vill höfundur höfða til manlegrar tilvistar hér á jörð.

120 bls.

LÍSA MARÍA

Ugla kynnir frábærar bækur víðs vegar að

FAGURBÓKMENTIR HEIMSINS Á ÍSLENSKU



FRÍ HEIMSENDING www.uglautgafa.is



Ugla

Einlægt og áriðandi ákall

BÆKUR

SNÆÐÍS
BJÖRNSDÓTTIR



Ljóðabók

Máltaka á stríðstímum ★★★★★

Eftir Natöshu S.

Una útgáfuhús 2022. Kilja, 68 bls.

Nýverið kom ljóðabókin *Máltaka á stríðstímum* eftir Natöshu S. út hjá Una útgáfuhúsi og vann til bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar, en það er jafnframt í fyrsta sinn sem höfundur með annað móðurmál en íslensku hlýtur verðlaunin. *Máltaka á stríðstímum* er frumraun Natöshu S. sem búið hefur og starfað á Íslandi um áraskeið og fengist við ýmis ritstörf, en hún er fædd og uppalin í Rússlandi. Bókin er ansi sláandi, skrifuð sem viðbragð við innrás Rússlands í Úkraínu, og eru verðlaunin sannarlega verðskulduð.

Andstaða höfundar gagnvart innrásinni er afdráttarlaus og einkennislitir bókanna, blár og hvítur, skírskota til fána rússnesku andstöðuhreyfingarinnar sem mót-mælt hefur stríðinu og ríkisstjórn Vladímírs Pútíns Rússlandsforseta. Bókin er frásögn manneskju sem fylgist með stríði í heimalandi sínu úr fjarska, reynir að halda sambandi við ættfólk sitt þar og vini, og tekst á við þá þversögn að lífið



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Natasha S. hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir *Máltöku á stríðstímum*, „einstaklega áhrifamikla ljóðabók“.

geti haldið áfram að ganga nokkurn veginn sinn vanangang á einum stað þegar því hefur verið gjörsamlega umturnað á öðrum. Hvernig á sú sem fylgist með jafn hörmulegum atburðum úr fjarlægð að halda áfram að lifa eðlilegu lífi, sinna hversdagslegum erindum og stytta sér stundir? Hvað ef hún verður ástfangin? Í stríði fær allt nýja merkingu og ekkert er léttvægt lengur, allra síst ástin. Í ljóðinu *Óskir*, en þann titil bera líka fleiri

ljóð bókanna, lýsir ljóðmælandi sektarkennd sinni og jafnvel angist yfir því að hafa fundið ástina í miðju stríði: „á troðfullu dansgólfi / dönsun við saman / ... / það er hlýtt og blautt / eitthvað létt í maganum / kannski er það ný tegund af skömm / yfir að hafa það svona gott / í miðju stríði / eða ótti um / að ég verði skotin.“ Hér, líkt og annars staðar í bókinni, verður hið persónulega óhjákvæmlega pólitískt og hið pólitíska persónulegt. Stríðið

er ekki einungis hlutlaus eða fjarstæðukennd myndlíking heldur nístandi, alvörubrunninn veruleiki. Í gegnum bókina er ljóðmálið blátt áfram og beinskeytt, myndirnar skýrar og stíllinn laus við óparfa skraut og glingur. Það væri enda óviðeigandi að færa umfjöllunar-efnið í ofur-fagurfræðilegan búning eða breiða yfir það með háfleygu orðfæri og torskildum stíl.

Umgjörð og hönnun *Máltöku á stríðstímum* er afar falleg og greinilegt að útgáfan hefur verið unnin af mikilli umhyggju og natni. Póstkort á kápu bókanna skapar þannig fallegan ramma utan um ljóðin og skírskotar um leið til margþættrar stöðu ljóðmælanda sem fylgist með framgangi stríðsins úr fjarlægð og leitar ýmissa leiða til að orða breyttan veruleika sinn. Bréfaformið eykur nálægð ljóðmælanda í textanum, ljóðin mynda samhangandi frásögn og textinn flæðir áreynslulaust áfram. Höfundur tekst sömuleiðis vel að grípa athygli lesandans og halda henni fanginni þrátt fyrir að umfjöllunarefnið sé krefjandi og vekir margslungnar tilfinningar. Fortíðin seytlar í gegnum frásögnina og á köflum er tónninn nostalgískur, ljóðmælandi horfir aftur til bernskunnar og stillir sakleysi æskunnar upp gagnvart vægðarleysi stríðsins í ljóðinu Konur: „þau hlaupa um og hlæja / með byssur úr frauðplasti / skjóta hvert annað / þau eru í stríðsleik / ég leyfi þeim að skjóta mig.“ Endurlitinu fylgja sársauki og svik: glæst fortíðin er nú orðin að rjúkandi rústum, hetjudáðir fornra stríðshetja einskisverðar og loforð bernskunnar um frið, sigur og bjarta framtíð innantóm. Máltakan öðlast margræða merkingu og lýsir

viðleitni ljóðmælanda til að ná áttum eftir áfall stríðsins, að fá málið á ný, tileinka sér það, og láta engan hrifsa það frá sér. Kafflaheiti bókanna – *ad tala, ad skrifa, ad hlusta og ad skilja* – endurspeglar þessa viðleitni og lýsa ólíkum stigum eða þáttum máltökunnar. Tungumálið verður haldreipi ljóðmælandans sem tekur til máls og sendir einlægt ákall út í heiminn, ákall sem við getum vonandi öll tekið undir með.

ég óska þess að stríðið hefjist ekki ljúki á morgun ljúki fljótlega ljúki sem allra fyrst að dauðsföll verði fá að dauðsföll verði fá að dauðsföll verði fá

Máltaka á stríðstímum er eftirtektarverð og mikilvæg ljóðabók sem hefur algjöra sérstöðu í íslensku bókmenntalandslagi, ekki einungis vegna þess að hún fjallar á minnisverðan máta um brýnt og aðkallandi málefni sem varðar okkur öll hér og nú, heldur einnig vegna þess hve vel henni tekst að færa jafn persónulegt og pólitískt umfjöllunarefni yfir á ljóðrænt form. Frásögnin er akaflega sterk, umgjörðin falleg, tónninn í senn beittur og einlægur og sjónarhornið einstakt, þrungin sársauka en um leið afar glögg, hugrakkt og ríkt að innsæi. Einlægni höfundar og persónuleg nánd hennar við umfjöllunarefnið skilar sér sömuleiðis afar vel í textanum og lætur engan ósnortinn. Þetta er einstaklega áhrifamikil ljóðabók sem erftitt er að leggja frá sér og situr lengi í lesandanum eftir að lestri lýkur. Hana ætti enginn að láta fram hjá sér fara.

TIL HAMINGJU LÓA!



„AFSKAPLEGA SKEMMTILEG, LITRÍK OG FJÖRUG SAGA SEM SENDIR GLEÐIGEISLA INN Í HUG OG HJARTA LESANDANS.“

FRÉTTABLAÐIÐ



Lífið frá sjónarhóli Álfs

BÆKUR

INGIBJÖRG IÐA
AÐUNARDÓTTIR




Barnabók

Kollhnís ★★★★★

Eftir Arndís Þórarinsdóttur.

Mál og menning 2022, innb., 259 bls.

Út er komin ný bók eftir Arndís Þórarinsdóttur sem ber heitið Kollhnís. Bókin fjallar um hinn unga Álf sem er hörkuduglegur ungur fimleikastrákur sem glímur þó við ýmsar raunir. Foreldrar Álfs hafa allt í einu tekið upp á því að halda því fram að Eiki, litli bróðir Álfs, sem er aðeins ólíkur hinum krökkunum, sé einhverfur. Auk þessa verða dularfull fjölskyldu-sambandslit við Hörpu frænku, sem var skærasta fimleikastjarna Íslands áður en



hún datt á andlitnið á Ólympíuleikunum. Móðir Álfs og Harpa, sem eru systur, hætta allt í einu að talast við og fer Álfur því að hitta hina forboðnu frænku sínu á laun. Þessir litlu söguþræðir tvinnast saman í frábæra frásagnarfleitu sem er gífullega skemmtileg aflestrar.

Texti bókanna er framúrskarandi – hann er vel skrifaður og hnyttinn. Persónur hennar hitta lesandann beint í hjartastað og eru samskiptin þeirra á milli raunsæ og trúverðug. Þar ber helst að nefna samband Álfs og Eika. Það bræðrasamband er ótrúlega fallegt og er Álfur „besti stóri bróðir í heimi“ líkt og stendur aftan á kápu bókanna, enda myndi hann allt fyrir litla bróður sinn gera. Bókin



Morgunblaðið/Eggert

Að mati rýnis tekur Arndís Þórarinsdóttir á margs konar viðkvæmum vandamálum á aðgengilegan máta í Kollhnís.

endurspeglar um leið hversu erftitt er fyrir Álf að takast á við það að bróðir hans sé álitinn öðruvísi – sjá þau ekki að hann er bara fullkominn alveg eins og hann er? Álfur kemst raunar að þeirri niðurstöðu að þetta hljóti að vera eitthvert samsæri allra gegn Eika – engin önnur skýring sé rökrétt. Því hefst Álfur handa við að safna saman sönnunargögnum um að bróðir hans sé nú bara ósköp eðlilegur auk þess sem hann tekur bróður sinn í stífa talþjáfun, þar sem hann hefur verið seinn að byrja að tala. Að endingu kemst Álfur þó að því, ásamt foreldrum sínum, að Eiki sé ekkert síðri en önnur börn og engar áhyggjur þurfi af honum að hafa – hann sé frábær alveg eins og hann er. Þó svo að úrvinnsla þessarar flettu kunni að virka yfirborðskennd í stuttri útlistuninni hér að ofan er hún það alls ekki. Gagnrýnandi er á því að höfundur takist listavel til við að endurspeglar raunverulega angist fjölskyldu sem stendur frammi fyrir breyttum veruleika. Heimilislífið og samræður fjölskyldunnar, sem reynir að gera það besta úr stöðunni, eru mjög sannfærandi en þar er móðir Álfs í fararbroddi. Kannski er best að flytja fjölskylduna úr

amstri Kópavogs til friðsældarinnar í Grundarfirði! Og kannski er ráðlegt að taka allt glúten og sykur úr mataræði fjölskyldunnar! Smám saman kemst þó allt aftur í eðlilegt horf og fjölskyldan nær áttum. Það eina sem þau þurfa, þegar öllu er á botninn hvolft, er hvert annað. Það sem Arndís gerir svo vel í þessari bók er að allt er séd frá sjónarhóli Álfs, sem veit margt en á líka ýmislegt ólært. Hann setur stóru vandamálin sem fjölskylda hans og vinir glíma við í einfalt samhengi – af hverju þurfa hlutirnir alltaf að vera svona flökni? Höfundur tekst þannig á við margs konar viðkvæm vandamál en á aðgengilegan máta, vandamál sem endurspeglar fjölbreytt samfélag og fólk þar. Harpa frænka er kannski ekki jafn hræðileg og hún virðist vera, kannski er hún bara að glíma við andleg veikindi! Bókin hentar að mati gagnrýnanda bæði fullorðnum og börnum sem munu þó vafalítið nálgast hana frá mismunandi sjónarhornum. Hún er falleg og fræðandi um leið og hún er spennandi og skemmtileg. Arndís hefur skrifað framúrskarandi bók sem óhætt er að mæla með fyrir öll í jólapakkann.

Bækur í jólapakkann

Þessar eru tilnefndar til Blóðdropans, Íslensku glæpasagnaverðlaunanna.

ÍSLENSKU GLÆPASAGNA VERÐLAUNIN BLÓÐDROPINN
TILNEFNING



STEFÁN MÁNI
HUNGUR

31% afsláttur

Hungur
Tilboð 4.799 kr. VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.

ÍSLENSKU GLÆPASAGNA VERÐLAUNIN BLÓÐDROPINN
TILNEFNING



DREPSVART HRAUN

32% afsláttur

Drepsvart hraun
Tilboð 5.399 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 KR.

ÍSLENSKU GLÆPASAGNA VERÐLAUNIN BLÓÐDROPINN
TILNEFNING



SKÚLI SIGURÐSSON
STÓRI BRÓÐIR

31% afsláttur

Stóri bróðir
Tilboð 4.799 kr. VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.

ÍSLENSKU GLÆPASAGNA VERÐLAUNIN BLÓÐDROPINN
TILNEFNING



STRÁKAR SEM MEIÐA

32% afsláttur

Strákar sem meiða
Tilboð 5.399 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 KR.

Bóksali í 150 ár

PERMAN

Eymundsson

Það er margt að vera maður

Bókarkafli Í bókinni Launstafir tímans er birt brot af höfundarverki Heimis Steinssonar (1937-2000). Hér er að finna upphaf sjálfsvísögu, skrif um æskustöðvar á Seyðisfirði, ræður frá Skálholts-, Þingvalla- og útvarpsstjóraárum. Allt er það fleygað með ljóðum. Heimir var prestur, skólameistari í Skálholti, fræðimaður, háskólakennari, útvarpsstjóri og þjóðgarðsvörður.

Játningar

Pegar ég hugsa til okkar fyrstu kynna bið ég Þig að blessa hugskot mitt og allt sem þar hrærist. Ég fel Þér þessi orð og þau blöð, er eftir renna. Í efalausri trú bið ég Þig hjálpa mér að líta um öxl til ævidaganna í Þínu nafni. Á alla vegu hef ég velt fyrir mér, hversu rita skuli ævisögu. Niðurstaða mín er sú, að þá bók vilji ég skrasetja við hjarmann frá altari Þínu. Öll önnur birta er villuljós og annað ekki. Þess vegna bið ég Þig að umvefja mig friðþægingu Þinni og fyrirgefningu og stýra höndum mínum og hugsunum.

Fyrstu endurminningar mínar varða Þig. Ég ligg í hvílu minni að kvöldi dags. Það er kveikt á



náttlampanum. Móðir mín situr á rúmstokkunum. Hún hefur þrjú eða fjögur ár um tvitugt, þegar þessi saga gjörlist. Hún beygir sig niður að mér. Ég legg hendurnar um

háls henni. Sameiginlega förum við með kvöldbænirnar, ég og hún. Þú hlustar. Umhverfis mig er öryggi, sem móðir mín miðlar mér af, en rekur rætur til Þín. Þetta öryggi tekur öllu fram, sem ég hef staðreynt fyrr og síðar. Það er uppspretta einingarreynslu minnar á fullorðinsárum.

Skrifað um afa

Afi er sá hyrningarsteinn æsku minnar sem tæpast verður til jafnað. Í raun á ég erfitt með að tala um hann, svo djúp er sú elska, sem að mér sækir samstundis, – að ógleymdri fyrstu sorg ævi minnar, en afi dó, þegar ég var tíu ára gamall.

Mér er sagt, að afi hafi verið óvenju greindur maður, – og vel að sér um flesta þá hluti, er hann megnaði að seilast til á stuttri ævi. Hann lætur sér orð Þitt engan veginn um munn fara. Í barnsmíni mínu er afi sagnasjóður og ljóðabrunnur, – og hefur arfleifð Íslendinga á hraðbergi við dótturson sinn, snáðann. Ég veit ekki hve miklu hann hefur ráðið um mótun mína. En enginn vafi leikur á því, að áhrif hans eru djúptæk. Afi hefur uppi frásagnir og kvæði aftan úr öldum, án tillits til þess, hve hlustandinn er dæmalaust bernskur og sljór. Afi kann ekki uppeldisfræði. Þess vegna veit hann að ástæðulaust er að tala við börn eins og þau væru annað en börn.

Afi er líka náttúruspekingur. Hann fræðir mi um það, að himinninn, sem strengdur er milli fjallanna við Seyðisfjörð, sé hvorki úr gleri eða segli, né heldur festur við tindana. Við liggjum úti í garði heima í Tungu. Mamma er með kaffiboð. Allir eru búnir að drekka í sólinni undir heggnum. Fólkið lætur móðan mása og hlær. Þetta er ein af þessum stundum, sem hljóta að varðveitast einhvers staðar og koma til móts við okkur í eilífðinni, ef nokkur vitglóra á að geta talist í veröldinni.

Með Liljulagi

Mildust gegnum myrkar aldir,
Máría, sem brostir úr festing hárrí.
Lýðir Krists á landi snauðu
lutu þér og blessan hlutu.
Eigi síður alla daga
enn í vélabruminn þennan
ber ég þitt á bænarskari
bjartast ljós í mínu hjarta.
1961


Játningar

Í miðjum klíðum urðu þau straumhvörf í lífi mínu, er ég aldrei mun láta af að lofa Þig fyrir. Ég kynntist konuefni mínu, Dóru Þórhallsdóttur. Hún átti eftir að hafa úrslitaáhrif á trúarbaráttu mína og stóð með mér, þegar mest á reið í þeim efnunum.

Það var 17. febrúar árið 1960, að leiðir okkar Dóru lágu fyrst saman. Þetta laugardagskvöld var haldin „Garðshátíð“. Dóra lagði leið sína þangað í föruneysi vinkonu sinnar. Hún var 18 ára, og hafði aldrei komið á „stúdentaball“, var reyndar tortryggin í garð þess háttar samkomu, enda saklaus stúlka og óspillt með öllu. En hér lagðir Þú leiðir okkar saman, Drottinn. Við dönsuðum fram eftir nóttu, og kvöldið eftir kom Dóra í heimsókn til mín. Eftir það leið eigi svo dagur, að við hittumst ekki. Útmánuðir og vorið 1960 eru mesti sælutími ævi minnar.

Snemma í júlí 1961 efndi ferðabjónusta stúdenta til farar í Þjórsárdal. Þangað hafði ég aldrei komið. Ég slóst í för með dálitlum hópi félaga minna úr íslenskum fræðum. Við komum í Þjórsárdal í úrhellisrigningu og slógum tjöldum skammt neðan við Stöng. Skreið ég skjótlega í svefnpoka minn, bældi mig og sofnaði út frá mínum venjulegu áleitnu hugsunum um Þig.

Næsta morgun vaknaði ég klukkan fimm. Ferðafélagar mínir voru í fastasvefni. Sól skein í heiði, og dalurinn allur var baðaður himneskri birtu. Ég smeygði mér í fötin og læddist burt frá tjöldunum, gekk inn eftir dalnum. Ég hafði aldrei heyrt talað um Gjána



Morgunblaðið/Jim Smart

Séra Heimur Steinsson; skólameistari, útvarpsstjóri og þjóðgarðsvörður.

í Þjórsárdal. En þangað bar mig innan stundar, og þar dvaldi ég fram eftir morgni. Parna gekk ég þér á hönd, Drottinn minn og Guð minn. Ég ákvað að taka nýja stefnu og hefja guðfræðináms næsta haust. Nú skyldi ekkert breyta þeirri ákvörðun. Mér var létt um hjarta-rætur, þegar ég kom til ferðafélaga minna eftir miðjan morgun.

Ég hef þrasinnis komið í Gjána síðan. Hún er mér og verður helgur staður. Þar réðust örlög mín.

Úr bréfi til ömmu

Elsku amma mín. Tildrög mannlagra órlaga eru oft torræðin. Ég minnst þess að mörgum þótti það undarlegt tiltæki, er ég sagði skilið við öll önnur verkefni og hóf að búa mig undir kirkjulega þjónustu. Ekki get ég sagt það nú, hvaða arfur hefur verið sterkastur í huga mér, er til þessa kom. En þó er mér nær að halda, að enginn hafi betur innrætt mér blessun trúarinnar en þú, með

gjörðum þínum, ekki síður en orðum. Sá styrkur, sem þú þannig beint og óbeint áttir hlut í að leggja mér í brjóst, hefur nú um langt skeið verið mér öllu öðru betri, í gleði og raun. Ég veit, að engin perla á jörðu er dýrari en vissan um það að eiga yfir sér algóðan Guð, er verndar, leiðir og styrkir.

Þess vegna ætla ég nú að ljúka þessu bréfi með þeirri bæn, að sá Guð, sem þú forðum kenndir mér að trú á, megi vera þér nær á þessum dögum, að hann líti til þín í líkn sinni, launi þér allt það góða, sem þú hefur gert og gefi þér hæga ellidaga. Hann bregst ekki, þó að mannleg geta sé á þrotum. Hann yfirgefur engan, sem til hans leitar. Og yfir öllum okkar vegum skrifar hann fyrirheitið um upprisu og eilíft líf, þar sem allar götur um síðir liggja saman að nýju. Ég bið þess að þú megir örvast við þá björtu og lýsandi trú. Og sú skal vera bæn mín hvern dag framvegis.

Mundang

Skyggðan flöt
bið ég Herra minn
að gefa mér
á lygna tjörn,
skyggðan flöt
þar sem auga hans
fær litið mynd sína.

Hvítan tón
bið ég Herra minn
að gefa mér
úr einni pípu,
hvítan tón
er nemur staðar
yfir skyggðri tjörn.

Haslev 1970.

Um Fjallræðuna

Þér skuluð ekki rísa gegn meingjörðamanninum, en slái einhver þig á hægri kinn þína, þá snú þú einnig hinni að honum. Elskið óvini yðar og biðjið fyrir þeim, sem ofsækja yður. Verið fullkomnir, eins og yðar himneski faðir er fullkominn.

Það er spauglaust að standa andspænis þessum orðum með því hugarfari, að þeim skuli hlýtt án afsláttar og útrúninga, við skynjum vanmátt okkar í þessu efni. Hér virðist vera talað um einhverja þá tilveru, sem við með alls engu móti fáum höndlað. Sé þetta lífsmáti Guðsríkisins, erum við hreint ekki guðsríkisbörn. Að okkur sækir sterkur uggur um það, að hugmyndirnar fornu um syndafall og eyðingarástand mannskynsins kunni eftir allt saman að vera sannar. Jesú Kristur heldur á lofti mynd hins fullkomna manns, sem hann ætlar okkur öllum að verða. En við erum ekki þar, heldur í einhverjum öðrum stað og verri, á náströndu tillitsleysis og takmarkalausrar illsku, þar sem þess er enginn kostur að hlíta boði hins fullkomna. Ekki er að undra, þótt við leitum undanbragða, grípum til ólíkra ráða, ef við aðeins mættum skýra orð hans á einhvern þann veg, sem leysir okkur undan hinni eindregnu kröfu.

Og þó erum við svo undarlega sett, að þetta, sem ég nú sagði, er ekki að öllu leyti rétt. Við erum ekki heimamenn í veröld hins vonda. Hversu fjarri sem við erum því að fylla út í mynd þá, er Fjallræðan dregur upp, vitum við í hjörtum okkar, að þar er okkur ætlað að búa. Þar er að finna hina réttu ásjónu okkar og yfirskrift. Enginn mótmælir því. Okkur dreymir um ríki Fjallræðunnar. En við höfum aðsetur í umhverfi óskapa. Líf okkar er ávarandi þversögn, þar sem hver hugsun rís gegn annarri, hver athöfn stangast á við þá næstu.

Þetta segja lesendur:

„Mjög vel skrifuð bók, og mikill fróðleikur.“

„Þessi saga er rosalega sterk.“

„Mögnuð örlög, en svona var þetta.“

„Ótrúleg bók, byggð á sannri sögu.“

Bókaútgáfan Frjálst Orð, hægt að panta beint frá höfundi: hvitaskald@simnet.is

ALDREI NEMA
VINNU
KONA

Hún stendur í fjörunni á Sauðárkróki, búin til brottfarar. Hverju er hún að sleppa? Hvað skyldi hún hreppa?

Íslensk vinnukona tekur sig upp og fer til Ameríku í von um betra líf. Hvers vegna fór allt þetta fólk til Ameríku í lok 19. aldar?

Hvernig var líf alþýðufólks á þessum árum? Hverjar voru vonir þess, lífskjör og framtíðarhorfur?

Frá þessu er sagt í sögulegri skáldsögu um Þuríði Guðmundsdóttur, langömmusystur höfundarins, Sveinbjargar Sveinbjörnsdóttur.



Þegar börn fá að njóta sín

Yfirlit yfir nýútkomnar íslenskar barnabækur

Sólrun Lilja Ragnarsdóttir
solrun@mbl.is

Uppskrift að frábærri skemmtun

Mamma kaka ★★★★★
Texti: Lóa Hlín Hjálmtyróttir
Myndir: Lóa Hlín Hjálmtyróttir
Salka 2022, 56 bls.



Bravó, segi ég bara! *Mamma kaka* er svo algjörlega frábær bók að mér finnst alveg óþarfi að fara í einhverjar málalengingar áður en það kemur fram. Engin bók hefur vakið jafn mikla lukku á mínu heimili og *Mamma kaka*, enda hefur hún nánast verið lesin á hverju kvöldi síðan við fengum hana í hendurnar. Og krakkarnir löngu farnir að kunna hana utan að.

Í bókinni hittum við fyrir Viggó sem á sjö milljón leikföng en dauðleiðist engu að síður. Hann er í vetrarfrí en leiðindaskarfurinn hún mamma þarf að vinna og nennir ekkert að leika. Svo mætir Dalía á svæðið með lausnina á vandamáli Viggós. Þau baka auðvitað bara nýja og skemmtilegri mömmu! Því fylgir auðvitað töluverður sóðaskapur og hávaði og þótt mamma fái loks smá fríð má gera ráð fyrir því að hún bókstaflega springi þegar hún kíkir á aðstæður.

Mamma kaka segir á svo einstaklega raunsannan og kómískan hátt frá samskiptum grunnskólabarns og útívinandi móður sem vetrarfríð hefur komið aftan að.

Mamma á auðvitað ekkert vetrarfrí, enda kláraði hún eflaust alla frídagana sína í sumar, eins og flestir foreldrar gera, og Viggó litli þarf því að hafa ofan af fyrir sér á meðan mamma reynir að sinna vinnunni. Hver kannast ekki við þessar aðstæður?

Lóa Hlín skrifar bókina með myndasöguvafi með tilheyrandi talblöðrum og útpældum smátriðum sem gaman er að rýna í. Myndskreytingar vega því mjög þungt og fléttast saman við textann. Úr verður einstaklega frumleg og skemmtileg barnabók, byggð á grunni hversdagsleikans eins og hann birtist ansi mörgum. En auðvitað kryddaður aðeins með lífniviðdufti og kókuskrauti. Og útkoman verður hin besta skemmtun fyrir börn og fulloröna á öllum aldri.

Ævintýrunum snúið á hvolf

Penelópa bjargar prins ★★★★★
Texti: Jóna Valborg Árnadóttir
Myndir: Berglind Sigursveinsdóttir
Bókabeitan 2022, 48 bls.



Penelópa bjargar prins segir frá hinni hugrökku Penelópu sem eyðir dögnum í að sinna ýmsum mikilvægum skyldustörfum, allt frá því að taka ákvarðanir um mikilvæg málefni með ríkisstjórninni yfir í að berjast við dreka og forynjur.

Dag einn ákveður hún hins vegar að taka sér smá frí til að leita að prinsinum í kistunni, sem pabbi hennar hefur svo oft sagt henni söguna af. Sá féll í dá eftir að hafa bitíð í epli galdrakerlingar og var komið fyrir í kistu á fjallstindi, þar sem hann hefur verið í heila öld. Penelópa er nokkuð viss um að prinsinum þyki ekki skemmtilegt að hanga þar mikið lengur.

Á vegi hennar verða ýmsar kynjaverur sem hafa skírskotun í ævintýri sem við þekkjum flest. Til að mynda sjö bræður sem vilja að hún þrifi fyrir sig, kona sem vill endilega gefa henni epli og prins á hvítum hesti. Penelópa hristir allt þetta lið af sér og heldur einbeitt áfram til að ljúka verkefninu sem hún hóf.

Bókin fjallar um hugrekki og kærleik og er uppfull af húmor. Áður nefndar tilvísanir í ævintýrin og viðbrögð Penelópu í aðstæðunum sýna á kostulegan hátt fram á fátíðleikann í upprunalegu ævintýrunum, ef við heimfærum þau yfir á nútímann. Og í nútímanum geta prinsessur líka bjargað prinsum alveg án nokkurrar hjálpar. Myndskreytingar Berglindar Sigursveinsdóttur leika stórt hlutverk þar sem Penelópa er lítrík og áberandi en ævintýrapersónurnar eru gráar og litlausar.

Aðalsöguheitan hefur dökkan húðlit og á litríkum myndunum eru fleiri einstaklingar teiknaðir dökkir á hörund, en slíkur fjölbreytileiki hefur ekki verið mjög sjáanlegur í íslenskum barnabókum. Það er mjög jákvæð tilbreyting að hverfa frá staðalmyndinni sem við sjáum langoftast. En umfram allt er Penelópa hjartahljá stúlka sem hefur kærleikann að leiðarljósi og gefur öllum tækifæri og boðskapurinn því fallegur.

Falleg bók sem gaman er að lesa

Leitin að Lúru ★★★★★
Texti: Margrét Tryggvadóttir
Myndir: Anna Cynthia Leplar
Mál og menning 2022, 24 bls.



Það er yfirleitt nokkuð öruggt að fanga athygli barna við bóklestur þegar sagan snýst um að verið sé að leita að einhverjum. Leitin að Lúru er þar engin undantekning. Margrét Tryggvadóttir er heldur enginn nýgræðingur þegar kemur að því að skrifa fyrir börn, en hún hefur sent frá sér fjölda vinsælla barnabóka á síðustu árum og fékk íslensku barnabókaverðlaunin árið 2006.

Í *Leitinni að Lúru* hittum við fyrir hundinn Kaffon sem vill ólmur leika við Lúru, uppáhaldsleikfélaga sinn, en finnur hana hvergi. Hann bregður því á það ráð að spyrja hin dýrin hvort þau hafi séð hana og sum bjóðast til að hjálpa honum á sinn hátt á meðan önnur eru hálfafundin og ekki beint hjálpleg. Og þegar Kaffon er nánast orðinn úrkula vonar um að finna hana Lúru sína kemur hjálpin úr óvæntri átt.

Það kemur ekki fram í upphafi hver þessi Lúra er en það gerir söguna enn meira spennandi að finna það út samhliða leitinni. Kaffon gefur upp einhver einkenni Lúru í hvert skipti sem hann spyr um hana og jafnt og þétt færumst við nær því að bæði komast að því hver hún er og finna hana. Glöggir krakkar átta sig líklega fljótt á því að hverju verið er að leita á meðan þau allra yngstu þurfa aðeins fleiri vísbendingar.

Það er Anna Cynthia Leplar sem myndskreytir bókina á fallegan hátt og gæðir Kaffon og hin dýrin lífi. Myndirnar fá vel að njóta sín í bókinni, þar sem ekki er of mikill texti á hverri opnu. Textinn er einfaldur og auðskilinn og sagan skemmtileg,

spennandi og mátulega löng. Leitinn að Lúru er heilt yfir einstaklega falleg barnabók sem gaman er að lesa og skoða með yngstu börnunum.

Að fá að blómstra á sinn hátt

Júlían er hafmeyja ★★★★★

Texti: Jessica Love
Myndir: Jessica Love
Íslensk þýðing: Ragnhildur Guðmundsdóttir
Angústúra 2022, 40 bls.



Bókin kom út fyrst út í Bandaríkjunum árið 2018, en hún kom út á Íslandi á þessu ári í þýðingu Ragnhildar Guðmundsdóttur. Útgáfan er styrkt af lýðheilsusjóði og mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar, en bókinn er notuð sem námsefni í hinseginfræðslu fyrir börn á leikskólastigi.

Það hefur mikil áhrif á Júlían þegar hann sér þrjár konur í lestinni klæddar sem hafmeyjar og fátt annað kemst að hjá honum í kjölfarið en að verða sjálfur hafmeyja.

Amma hans virðist í fyrstu ekki



Teikning/Berglind Sigursveinsdóttir

Ein af teikningum Berglindar Sigursveinsdóttur úr *Penelópa bjargar prins*.

sérlega áhugasöm um hafmeyjarnar sem Júlían er svo heillaður af og kippir sér lítið upp við það þegar hann segist sjálfur vera hafmeyja.

Það er ekki fyrr en Júlían hefur skreytt hár sig með burknalaufum og bundið gardínur um sig miðjan, líkt og hann sé með hafmeyjusporð, að hann nær athygli ömmu. Henni virðist brugðið í fyrstu en fer svo og sækir handa honum perluvesti til að skreyta sig með og fer með hann á einhvers konar karnival þar sem hafmeyjar og önnur sjávardýr.

Júlían er hálfheiminn en fljótlegra rennur óöryggið af honum og hann nýtur sín í botn í skrúðgöngu sem hafmeyjan sem hann þráir að vera, og gleðin leynir sér ekki.

Bókin fjallar um mikilvægi þess að leyfa börnum að njóta sín eins og þau eru og þeim líður best. Að þau fái að klæða sig eins og þau vilja,

óháð kyni, og að aðrir beri virðingu fyrir því hvernig þau upplifa sig. Að fulloröna fólkið nálgist börnin á þeirra forskendum, styðji þau og gefi þeim tækifæri til að blómstra á sinn hátt.

Það er ekki mikill texti í bókinni. Í mesta lagi ein til tvær setningar á opnu og á sumum opnum fá myndirnar einfaldlega að njóta sín, enda tala þær sínu máli og sýna skýrt framvindu sögunnar. Ég gef mér að höfundur hafi viljað gefa lesandanum rými fyrir vangaveltur og jafnframt gefa færi á umræðu, en ýmsar spurningar vakna við lesturinn sem lesandinn verður sjálfur að geta sér til um svörin við. Flestar þeirra skipta þó engu máli hvað varðar heildarmyndina; Júlían er hafmeyja og Júlían fær að vera hafmeyja. Áhugaverð og fallega myndskreytt bók um málefni sem skiptir máli.

BRIMHÓLAR

Eftir Guðna Elísson



LESSTOFAN

„Meistaraverk“

Hallgrímur Helgason,
rithöfundur

„Ósvikið meistaraverk“

Hlín Agnarsdóttir,
rithöfundur

„Mikið listaverk“

Dagný Kristjánsdóttir,
prófessor

„Snilldarsaga“

Steinunn Sigurðardóttir,
rithöfundur

Undraverða gróska upp úr engu

Bókarkafli Í bókinni *Stiklur um undur Íslands* fá lesendur að feta í fótspor Ómars Ragnarssonar um fáförnustu slóðirnar, leynistaði sem Ómar hefur heimsótt og staði sem hann hefur sérstakt dálæti á. Í leiðsögn Ómars og með augum ljósmyndarans Friðþjófs Helgasonar opnast draumaveröld.

Mikilvægt er að Sönghofsdalur verði ekki fyrir ágangi

„Söng ... hvað?“ Þetta voru oftast viðbrögðin á sínum tíma þegar fólk heyrði örnefnið Sönghofsdalur fyrst nefnt. Enda engin furða, því að þeir örfáu sem vissu um þennan einstæða stað vildu skiljanlega ekki að tilvist hans kæmist í hárnæli, svo viðkvæmur sem hann myndi verða fyrir of miklum átroðningi.

Sönghofsdalur er einn þeirra ótrúlega mörgu staða á Íslandi sem eru það sérstæðir að það getur skekkt mynd þjóðarinnar af landinu ef tilvist þeirra er leynt. Allt of lengi hefur of mikil fáfærði um landið og eðli þess ríkt meðal þjóðarinnar, sem hefur fengið það hlutverk að varðveita það og vernda fyrir komandi kynslóðir og mannkyn allt. Til þess að fylla upp í þá stórbrotnu mynd sem hægt er að gefa af landinu og gera það á sem raunhæfastan hátt getur niðurstaðan orðið sú að veita sem bestar upplýsingar um hann og þá upplifun sem hann getur veitt en gefa ekki upp staðsetninguna. Aðalatriðið er að fólk viti að hann sé til og yfir hverju hann búi. Þessi leið var farin í einum af sjónvarpsþáttunum *Ferðastíklum* og aðeins gefið upp í tali, söng og myndbirtingu að þessi gróðurvín, sem lækur rennur í gegnum og rennur á milli kletta-veggja, sem verða að æ magnaðri stuðlabergshömrum þegar nær dregur mynni dalsins, væri á hálendinu norðan Vatnajökuls og alger auðn væri allt um kring.

Það sem gerir staðinn svo áhrifamikinn er að eftir langa göngu eftir algerlega tilbreytingarsnauðri auðn er eins og maður detti allt í einu niður í svo geróflkt umhverfi að maður trúir vart sínum eigin augum yfir þeirri vinnu sem við blasir. Lækurinn sem rennur um dalinn og hefur myndað undraverða gróska virðist koma upp úr engu og hefur þá væntanlega runnið langa leið nedanjarðar. Gefið var upp að Herðubreið sæist þaðan. Það segir svo sem ekki mikið, svo há sem hún er og sést víða að.

Fyrsti maðurinn sem ég man eftir að hafi minnst á Sönghofsdal við mig var Kári Kristjánsson landvörður og heillaði frásögn hans mig mjög. Nafnið Sönghofsdalur segir sitt um nauðsyn þess að kyrrð og friður ríki á þessum slóðum álfa, huldufólks og vætta. Undir það tók Arngrímur Jóhannsson flugstjóri



Ljósmynd/Friðþjófur Helgason

Nafnið Sönghofsdalur segir sitt um nauðsyn þess að kyrrð og friður ríki á þessum slóðum álfa, huldufólks og vætta.



sem kom fljúgandi til stefnumóts á staðinn, sem hann hefur í miklum metum, til að taka undir söng um dalinn. Kári sagði að við viss veðurskilyrði gæti hið minnsta hljóð, lækjarniður eða lágur söngur álfa bergmálað í stuðlum hlöðnum hömrnum. Og auðvelt er að spinna þá lýsingu á staðnum að dalurinn allur sé sannkallað sönghof við heppileg skilyrði og þessi söngvasalur náttúrunnar og vætta landsins geti verið bæði Harpa og Þjóðleikhús íslenskrar náttúru fyrir stuðlabergnumda gesti sem syngjandi álfakórar heilsa þegar þeir stíga út úr hamraborgunum til að flytja dýrðaróð um þennan helgistað öræfanna.



Ljósmynd/Friðþjófur Helgason

Lækurinn sem rennur um dalinn og hefur myndað undraverða gróska virðist koma upp úr engu.

Það er líka hægt að máta lagið og ljóðið *Hamraborgina* við þann hamar í Sönghofsdal sem er með raunverulegt anddyri eða inngang í bergið:

*Hamraborgin rís, há og fögur,
og minnir á ástir og álfasögur.
Á hamarinn háa og bergið bláa
sló þjarna lengi.
Þar er sungið á sílfurstrengi.*

*Á meðan djáknar til messu syngja
opnast bergið og álfar syngja.
Strengir titra og steinar glitra
í stjörnusalnum.
Friður ríkir í fjalladalnum.*

*Úr byggð er sveinninn í bergið seiddur,
af álfadætrum í dansinn leiddur.
Hann hlær og grætur
og heillast lætur af huldumáli.
Bergið lokast sem brúðarskáli.*

*Ög svo er drukkið og dansinn stiginn
uns syrtir að kveldi og sól er hnigin.
Í hamrinum háa og berginu bláa
er blundað á rósum.
Nóttin logar af norðurljósum!*

Íslenskir tenórsöngvarar hafa löngum elskað að syngja hið kraftmikla lag Sigvalda Kaldalóns við ljóð Davíðs Stefánssonar og gefa í botn á háa tóninum í síðustu ljóðlínunni. En samt eru það hinn djúpraddaði Kristinn Sigmundsson og Jónas Ingimundarson á píanóið sem ná einna mestu dramatíkinni í lok lagsins, með því að lengja hárfint þögnina á undan síðustu ljóðlínunni. Það er nefnilega samspil tóna og þagnar sem gefa Sönghofsdal mestu töfrana og því er sjálfsgafur ef sest er niður og raulað í fjallakofastíl lag um dalinn að láta innskotsþögn í lokin „bergmála“.

Í SÖNGHOFSDAL

Í Sönghofsdal bergmálar söngurinn vel. Sönghofsdal einstæða perlu ég tel: Stuðlabergshallir og heiðloftið bjart, hjalandi lækur og blómanna skart, :: hnausþykka grasið og hraungrjótið svart :::

Ef þú í söng þínum yrkir mjög dýrt álfar og huldufólk svara þér skýrt, magna upp tónana í margradda óð, máttuga hljómkviðu, gjallandi flóð, ::: lofsöng um öræfin, land mitt og þjóð :::

Fjárjóður óbyggða fallinn er hér; fjarri allri streitu og áreiti er. Herðubreið, fegurst í fjallanna salfangar og hrífur hér meyu og hal. Ög þögnin er guddómleg í Sönghofsdal, (þögn) ::: Þögnin er guddómleg í Sönghofsdal :::



Í þessari myndskreyttu bók eru 200 staðhæfingar sem eiga að svara spurningum um ástar-málin: Hvenær hitti ég sálufélaga minn? Er hann eða hún kannski handan við hornið? Af hverju geri ég sömu mistökin aftur og aftur? og svo frv.

Hugleiddu hvað þú vilt vita um ástina og veldu tölu frá 1-200 og sjáðu hvort staðhæfingin eigi við spurninguna þína.



Bókinni er ætlað að vera bæði til gagns og skemmtunar og því tilvalið að grípa í hana hvar og hvenær sem er. Hafðu hana í töskunni, í bílnum eða á náttborðinu. Flettu upp í henni af handahófi og sjáðu hvað hún kemur með til þín. Ef til vill eru það dulbúin skilaboð sem eiga við þig seinna meir.

Inni í rammanum vex ævintýrið

● Eiríkur P. Jörundsson sendir frá sér sögulega skáldsögu með ævintýraívafi ● Telur að skáldskapur geti fært lesendur nær liðnum atburðum, andrúmslofti og samfélagi liðinna tíma

VIÐTAL

Árni Matthíasson
arnim@mbl.is



Eiríkur P. Jörundsson er menntaður sagnfræðingur og hóf sín bókaskrif á sagnfræði, skrifaði bókina *Par sem land og haf haldast í hendur*, sem fjallar um Súðavíkurhrepp að fornu og nýju og kom út 2016. Næsta ritverk Eiríks var úr annarri átt, þó sögusviðið sé Súðavík, því hann sendi frá sér glæpasöguna *Hefndarengla* 2019 og hreppti fyrir glæpasagnaverðlaunin Svartfuglinn. Nýlega kom út þriðja bók Eiríks, *Heitt hjarta og illt*, og nú skrifar hann sögulega skáldsögu með galdráivafi.

Eiríkur segir að þó hann hafi menntað sig í sagnfræði þá hafi hann alltaf verið spenntur fyrir miðlun og sköpun, og þá kannski óheftri sköpun þar sem hægt er að leggja til hliðar kröfur fræðimennskunnar.

„Það kom reyndar í ljós í sagnfræðináminu þegar ég tók kúrs á meistarastigi þar sem krufin var spurningin um hvort skáldskapur geti allt eins sagt sannleikann eins og vísindi frá staðreyndum. Þá reyndi ég fyrst fyrir mér í skáldskapnum með því að skila lokaritgerð sem var upplagg að sögulegri skáldsögu. Síðan þá hefur það alltaf verið spurning um hvenær en ekki hvort skáldsaga liti dagsins ljós. Skáldskapur getur fært lesendur mun nær liðnum atburðum, andrúmslofti og samfé-



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Eiríkur P. Jörundsson hefur sent frá sér þrjár ólíkar bækur, glæpasögu, sagnfræðirit og ævintýrabók, með Súðavík og Álftafjörð sem samnefnara.

lagi liðinna tíma en sagnfræði. Það má taka eitt meistaraverk sem dæmi, Sjálfstætt fólk Laxness, en þar færir skáldskapurinn okkur inn að beini sveitasamfélagsins.“

Súðavík og Álftafjörður tengir bækur Eiríks saman, en ekki margt annað og Eiríkur segir að glæpasagan hafi þannig komið óvart inn í ferilinn.

„Þegar ég hafði lokið við að skrifa sögu Súðavíkurhrepps hóf ég undirbúning að galdrasögunni og var kominn langt með hana þegar glæpasagnasamkeppnin Svartfuglinn fór af stað. Þá datt mér í hug að prófa að skrifa glæpasögu þótt ég hefði ekki ætlað mér að verða glæpasagnahöfundur, en þó alltaf haft mikinn áhuga á

krimum. Ég þykist vera kominn á þá braut núna sem ég ætlaði mér að feta, þ.e. að skrifa bók eins og *Heitt hjarta og illt*, og er byrjaður á framhaldi þeirrar sögu. Reyndar er ég einnig að ljúka við óbeint framhald Hefndarengla, næstu glæpasögu, þannig að kannski sinni ég báðum greinum í framtíðinni. En ég efast um að ég snúi mér aftur að sagnfræðinni sem slíkri.“

— Það er myrk forneskja í bókinni. Hvort lítur þú á þetta sem bók fyrir fullorðna eða ungmenni?

„Ég var alltaf ákveðinn í því að skrifa svona bók fyrir fullorðna en veit af eigin reynslu að ungmenni munu einnig hafa áhuga á að lesa um ævintýri Eilífs. Ég hef líka séð af viðbrögðum þeirra sem hafa lesið, bæði handrit og lokagerð, að bókina höfðar til mjög breiðs hóps, ekki síst skiptir litlu á hvaða aldri lesandinn er. Þannig að bókina hefur víða skírskotun, er í grunninn söguleg skáldsaga, ramminn er þannig, en innan í honum vex ævintýrið og verður trúverðugt og skemmtilegt fyrir vikið. Og svo ég haldi áfram að skilgreina eigið verk, reyndar með aðstoð virts bókmenntafræðings, sem sagði mér að í bókinni færi saman sögulegt endurlit til galdraldar og nútímaleg efnistöð í anda myndasagna og Netflix-þátta. Ég er samála honum, enda reyndi ég að skrifa þannig að stílfæingar væru ekki að þvælast fyrir lesandanum og hann fengi persónur og söguna beint í æð.“

— Það er stundum erfitt að greina hvort ævintýrabækur séu ætlaðar ungmennum eða fullorðnum. Ert þú áhugasamur um slíkar bækur?

„Bestu sögurnar eru þannig skrifaðar að aldur er afstæður þegar lítið er á lesendahópinn. Og já, ég hef alla tíð verið mjög áhugasamur um fantasíur, las mikið slíkar bækur sem barn og unglingur og man ennþá eftir upplifuninni að sjá fyrstu *Star Wars*-myndina. Mér þótti og þykir ennþá mikil upplifun að lesa *Hringadróttinsögu*, og er ekki fjarri því að þessir bálkar lúri í undirmeðvitundinni þegar ég skrifa sögu Eilífs. En sagnfræðingurinn er þarna líka, mig hefur alltaf langað til að skrifa sögu sem gerist í raunheiminum, í umhverfi og aðstæðum sem við þekkjum, þar sem ævintýrið lifnar og aðrir heimar opnast. Þessi bók mín er afrakstur af þeirri löngun, en eins ólíklegt og það er þá byggist fantasían í bókinni líka á heimildum. Sem smir telja nú ekki áreiðanlegar heimildir, þ.e.a.s. þjóðsögur. En hver getur sagt að þær séu ekki sannar? Atburðir verða að sögum, sögur verða að þjóðsögum og þjóðsögur að goðsögnum. En uppruni þeirra er engu að síður raunverulegur. Í bók sinni, *Galdrar á Íslandi*, segir Matthías Viðar Sæmundsson: „Getur ekki verið að „hjátruin“ feli í sér vitneskju eða innsæi sem hefur verið útskúfað að ósekju?“ Þessi setning varð að leiðarstefi mínu við ritun bókarrinnar.“

TÆTTIR ÞÆTTIR

Þórarinn Eldjárn

Þrjátíu og sjö áður óbirtir þættir sem fara úr einu í annað um hitt og þetta. Þar á meðal reynslusögur, minningar, athuganir, viðhorf, áhorf, sagnir og smælki. Auk þess nokkrar ferilskrár.

Meðal efnis: Nytjadraumar, Snorralaus í Helgadal, Nokkrar Bessastaðasögur, Þrír Halldórar, Skakkur ansats, Hirðskáldið, Hirðfíflíð, Kristmann og Ursus, Guðlast í húsi biskups, Köttur frá Steini, Að vega nema og muna, Í safninu.

„Hér eru dregnir fram ofnréttir, atvik og minningar frá óvenjulegu sjónarhorni, bakaðar í brakandi huga skáldsins.“

– Bergur Ebbe Benediktsson

„Þórarinn skrifar svo sérstakan texta, heiðarlegan og yfirvegaðan en um leið er hann óborganlega fyndinn og fundvís á tengingar.“

– Eva María Jónsdóttir


„Það leiðist engum sem les Tætta þætti. Líklegra að fólk skelli upp úr. Og oft munu þau sem eldri eru hugsa: „Já, ég man eftir þessu...““

– Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir






GULLBRINGA

www.gullbringa.is



Líf í fjórðu víddinni

Bókarkafli Kvár, eftir Elías Rúna, er heimildarmyndasaga um að vera kynsegin; að upplifa sig hvorki karlkyns né kvenkyns, hvort tveggja í senn eða eitthvað allt annað. Þetta er ein fyrsta bókin um þetta efni sem er gefin út á íslensku og jafnframt fyrsta íslenska heimildarmyndasagan. Sagan er byggð á viðtölum við sex kvár um reynslu þeirra og skoðanir.



Stelpan sem sigraði lífið

Bókarkafli Í bókinni Spítalastelpan er sögð saga Vinsý, stelpunnar sem veiktist af berklum í hrygg á Ströndum norður og var fyrstu ár sín að mestu reyrd niður í rúm á Sjúkrahúsinu á Ísafirði. Hún byrjaði ekki að ganga fyrr en á sjöunda ári, sigldi þá heim þar sem faðir hennar var dáinn og móðirin búin að yfirgefa hana í huganum. Sigmundur Ernir Rúnarsson skrifaði sögu þessarar konu sem sigraði lífið.

Ég stari á alhvítt loftið í sjúkrastofunni minni. Ég veit ekki hvað ég er gömul. En ég man varla eftir mér öðruvísi en gónandi tímunum saman á þennan litlausa flöt sem skilur á milli mín og læknastofanna á efri hæðinni.

Þar yfir, uppi í sjálfu risinu, því leyndardómsfulla athvarfi, eiga hjúkrunarkonurnar heima, á bak við fagurlega mótaðar bogasvalirnar sem snúa út að Pollinum – og ég geri mér það stundum að leik í huganum að ímynda mér hvernig íverustaðir þeirra séu. Þær eru svo myndarlegar og vel tilhafðar í ljósbláu kjólunum sínum, tandurhreinum og sléttum – og svo er hvítum svuntunum, sem bundnar eru um mittið, brugðið yfir brjóst með borða um hálsinn.

Mér finnst þetta svo falleg múnðering. Og það sér bara aldrei á henni, hver svo sem á í hlut, það er varla að arða eða blettur setjast á flíkurnar, enda er ekki annað að sjá en að hjúkrunarkonurnar beri ósvikna og sanna virðingu fyrir þessum einkennisbúningum sem taka öllum öðrum klæðnaði fram á spítalanum.

Jafnvel læknarnir eru bara í hvítum og ólögulegum sloppum sem eru ekki næstum því eins mikið fyrir augað og ljósbláu og aðsniðnu kjólarnir á hjúkrunarkonunum – og svo eru gangastúlkurnar bara í sínum eigin fatnaði að heiman. Og það er náttúrulega engin sjón að sjá miðað við hjúkurnar mínar sem eru meira að segja með kapp á höfðinu sem kórónar þetta allt saman.

• • •

Guðný hafði saumað á mig ljósbláan stelpukjól með hvítri svuntu af því að hún hafði tekið eftir því hvað ég heillaðist mikið af klæðaburði þessara tignarlegu kvenna á spítalanum. Eins og það væri ekki nóg, þá bjó hún líka til forláta kapp á kollinn á mér, svo ekki færi á milli mála að ég væri lítill útgefandi af alvöru hjúkrunarkonu, rétt fimm ára hnátan.

Allt smellpassaði þetta svo vel á



Vinsý með fjögur elstu börnin sín árið 1963. Frá vinstri: Samúel Örn, Margrét Katrín og Hólmfríður Erlingsbörn. Anna Kristín Kjartansdóttir.

litlu stelpuna hennar að það var ekki um annað að ræða en að klæðast þessum forláta skrúða frá morgni til kvölds. Það sem ég naut mín í því hlutverki öllu, kannski ekki svífandi um gólfinn, en nógu fin til þess að sitja fyrir á ljósmyndum sem Guðný tók af mér.

Verst er að ég er ekki nógu passasöm og missi einatt mat niður á svuntuna, jafnvel slepjulegt sultutau sem er hvað erfiðast að hreinsa burt svo ekki sjáist á búningnum. Ég get verið svo mikill stelpukjáni. Og náttúrulega ekki jafn þokkafull í hreyfingum og fasi og elskulegar hjúkrunarkonurnar sem svífa um ganga og stiga eins og dansmeyjar í huldulandi og dáleidda hvern þann sem horfir á. Það sem ég get glápt á þær lengi. Og

haft af því mikla ánægju að virða þær fyrir mér, svo fallegar og fínlegar sem þær eru.

• • •

Hún er alltaf svo elskuleg við mig, blessunin hún Guðný, enda er hún ekkert minna en móðurmynd mín, alla daga, árið um kring – og stundum líka um langar nætur þegar mér líður hvað verst í kroppnum, svona rækilega reyrd niður á bekkinn á sjúkrastofnu eins og nauðsyn þykir, vegna ólukkans sjúkdómsins sem hefur hrjád mig svo að segja frá fæðingu.

Það er eins og hún finni það á sér þegar mér líður ekki sem best. Ég skynja það meira að segja sjálf þegar hún leggur af stað neðan úr kjallaranum sínum og fetar sig áleiðis í rökkrinu upp að rúminu mínu. Það er einhver þráður á milli okkar. Ég hef fundið fyrir honum frá upphafi. Og ég veit að hann er óslítandi. Eins og naflastrengurinn er í raun og veru.

Ég sé það best þegar hún strýkur tárinn af kinnu mínum þegar verkirnir ætla mig lifandi að drepa. Þá horfir hún á mig með sínum milda og blíða svip og segir mér að anda djúpt en rólega. Og ég finn svo vel fyrir hlýrri hendi hennar þegar hún heldur um ennið, allt þangað til ég sofna á ný – og kvölin gleymist.

Stundum á hún það til að sitja yfir mér heilu næturnar. Það er þegar ég hef haldið vöku fyrir öllum spítalanum, ekki bara þessum fjórum eða fimm krökkum sem eru oftast með mér á stofu, heldur öllum ganginum og hæðunum fyrir ofan og neðan – og sjálfsgat líka öllum á eyrinni og niður á tanga.

Ég get grátið svo ógurlega hátt og mikið. En fyrir því er ástæða. Sársaukinn í hryggnum getur verið svo sárbeittur að það er sem hnífi sé snúið í bakinu – og þá á ég enga ósk heitari en að losna úr böndunum sem halda mér fastri í gífsmótinu, en fyrir vikið hrufu ég á mér bakbeinið svo blæðir úr.

Ég er með eilíft sár á bakinu. Það nær eiginlega aldrei að gróa. Ég næ alltaf að ýfa það upp, enda á ég ekki margar góðar nætur.

Þær koma þó inn á milli, svefnsömu næturnar, sjálfar bestu stundirnar í lífi mínu, þegar ég get gleymt því að ég hef alla mína barnæsku verið



Sigurvina Guðmunda Samúelsdóttir sem alltaf er kölluð Vinsý.

sjúklingur á spítala, móðurlaus og föðurlaus, með þá einu og ógreinilegu vitneskju að líklega á ég nokkrar systur, en bara einhvers staðar svo óralangt í burtu, ef þær eru þá ekki löngu búnar að gleyma mér.

Þessar góðu nætur þarf Guðný ekki að bröla upp til mín. Þá getur hún sofnað á sínu græna eyra, eins og hún kallar það, sem ég hef nú aldrei skilið, enda er konan svo afskaplega falleg á allan máta. En það má sosum vel vera grænt ef hún sefur vel og hvílir, blessuð konan.

• • •

Ég ver mörgum dögum niðri í kjallara hjá Guðnýju, enda finn ég svo vel hvað ég er velkomin þangað. Og svo á ég orðið aðeins betra með gang, komin vel á sjöunda árið, en þá loksins er mér að takast að ná sjáanlegum árangri í jafnvægislistinni og svei mér þá ef krafturinn nær ekki alveg niður í legg og fót.

Ég hélt að mér myndi aldrei takast að komast á lappir. Fyrstu minningar mínar hverfast um mig í einverunni uppi í rúmi þar sem ég var að reyna að ganga á loftinu. Það sem hinum krökkunum á stofunni fannst þetta nú vera mikil sniðugheit af minni hálfu. Ég var alltaf að rembast við að teygja lappirnar upp í loftið – og snerta það helst með tásunum, þótt auðvitað hafi alltaf verið langur vegur frá því að ég næði þangað upp. En mér fannst það vera tilraunarinnar virði að reyna að ganga á haus á meðan ég kúrdi svona aumleg á mig komin í hvíta rimlarúminu mínu úti við gluggann, á þessum eilífðarbedda mínum þar sem ég lá bundin allar nætur og stundum fram á miðjan dag.

Ég held að þessar æfingar hafi hjálpað til upp á síðari tíma gang og haldið vöðvunum við efnið þangað til ég gat loksins farið að staulast um stofur og ganga. Að hugsa sér, ég gat jafnvel haldið bolta á lofti með fótunum einum.

Guðný kallaði það að ég hefði getað kóklast þetta út og inn – og það færst blíðlegt bros yfir fagurlega skapað andlit hennar þegar hún rifjar upp með mér hvað það tók mig langan tíma að læra að labba.

Ég hafði þurft hvatningarinnar við – og blessunarlega höfðu hún og hjúkrunarkonurnar aldrei hætt að dekstra mig til, sífellt tosað mig upp af bossanum þar sem ég sat á gólfinu eða uppi í gluggakistu, gónandi út á fjörðinn, ein með sjálfri mér, eins og ég væri ekki lengur af þessum heimi.

En svo hafði Dóri smiður, niðri í þessum eina og sama kjallara og Guðný átti athvarf sitt, búið til fyrir mig litlar hækjur sem voru með bólstruðum púða á endanum sem gerði þær þægilegar undir handarkrikann. Þær komu mér heldur betur af stað, þvílíkt hjálpartæki sem þær voru í veiklulegum höndunum.

Hann er svo mikill snikkari, öðlingsmaðurinn sá arna – og vill mér ósköp vel eins og allir aðrir starfsmenn spítalans sem mega ekki af mér líta, lítilli hnátunni sem finnst það ekkert

undrunarefni þótt hún hafi átt erfitt með gang á æskuárunum.

• • •

Ég er tíður gestur á heimili Guðnýjar í kjallaranum eftir að hafa komist upp á lagið með að kjaða svo til örugglega niður allar spítalatröppurnar í lítið og snoturt kamesið hennar, en það er við hliðina á líkhúsi spítalans, og það er nú eitthvað, finnst mér auðvitað, en hef ekki vitið til að óttast það sem þar kann að leynast innandyra.

Framan af þurfti ég þó að styðja mig við handriðið sem blessunarlega lá eins og ormur niður með þykkum og voldugum veggjum hússins, en eftir því sem á leið dugði mér að finna fyrir því með fingrunum svo ég gæti skottast þetta háskalaust niður til elsku bestu Guðnýjar minnar, sem líklega er komin á sjötugsaldurinn, en hefur ekki hátt um það.

Þar situr hún við fótknúna saumavélina sína, svo til öllum stundum. Hún er saumakona spítalans. Og það er ekki bara út af vönduðum saumskapnum sem allir á spítalanum dá hana og tilbiðja, heldur er það ekki síður vegna þess hversu þægileg hún er og gefur mikið af sér í góðra vina hópi.

Hún sagnar til sín fólk af öllum hæðum. Stundum hef ég á tilfinningunni að það leynist ekki nokkur sála á kaffistofunum uppi á efri gólfunum, af því einfaldlega að allir komi í kaffi og molasykur niður til Guðnýjar – og gott ef það er ekki búið að baka nokkrar randalínur upp á fat. Það má ekki klikka.

Hún er líka með svo góða og drjúgmikla uppáhelli á eldhúsbekknunum sínum undir kjallaraglugganum – og það sem maður límir augun á hana þar sem þessi lágvaxna kona með gráu flétturastendur styrkum fótum við bríkina og lætur heita bununa hringast um trektina ofan á belgmiklum brúsanum sem hefur nú ekki alveg verið laus við hnjaskið um dagana.

Hún kveðst hafa tekið hann með sér úr Aðalvíkinni, en þar hafði hún alið önn fyrir öllu sínu fólk, sjö dætrum og eiginmanninum, auðvitað, þar til hann drukkaði við annan mann í Djúpinu eins og títt var um sjómenn á hans tíð.

Hún hafði reynt að vinna fyrir sér með saumaskap í nokkur misseri eftir að hafði heimtaði manninn hennar, en það hafði ekki dugað til lengdar í litlu plássi fyrir svo stóran barnahóp sem fyrir var á fleti í bæjarhúsinum, sem þess utan voru farin að gefa sig, gerð úr rekaviði og torfi sem vetrarbarningurinn var farinn að leika heldur grátt. Það var rétt svo að mænirinn héldi þakinu uppi.

Hún flutti því með stelpurnar sínar á Ísafjörð þar sem fleira fólk þurfti á nýsaumuðum fótum að halda, ellegar að láta gera við þau, enda gátu klæði á hverja fullorðna manneskju verið eilífðareign ef þau voru bara stöguð nógu oft og vandlega.

Það sem var gaman að hlusta á hana segja frá þessu öllu saman, en einkanlega þó mannlífínu og athafnalífínu í Aðalvík og Rekavík þar sem fast menn sóttu sjóinn milli þess sem allir voru á engjar dregnir í slátt og rakstur fram á rjóða sumarnótt. Og það var ekki síst vinnan sem hélt á fólk hita.

• • •

Ég tel mér trú um að ég eigi heima hjá Guðnýju og það er ekki annað að heyra á henni en að henni finnst nokkuð vera til í því.

Ég tengist krökkunum uppi á stofu ekki mikið. Þau koma og fara – og ég veit aldrei hvað ég hef þau lengi í mínu verelsi.

Þau ná heilsu, heyrst mér á endanum – og eru svo sótt af mömmu sinni og pabba, hvert á fætur öðru.

En það á ekki við um mig.



„SNÚLLA FINNST ERFITT AÐ SEGJA NEI“

„Snúlla finnst erfitt að segja nei“ er önnur bókinn um Snúlla. Í þetta skiptið áttar Snúlli sig á því að stundum segir hann já við hlutum sem hann langar í raun ekki að gera. Hvernig mun hann vinna úr tilfinningum sínum? Og hvað mun hann læra á leiðinni?

„Snúlla finnst erfitt að segja nei“ er falleg og litrík bók sem fjallar um mikilvægi þess að fólk sé sannt sjálfu sér þegar það verður fyrir hópprýstingi.





Morgunblaðið/Hari

Verðlagsreiknivél Hagstofunnar leiðir í ljós að raunverð bóka hefur lækkað með árunum svo munar tugum prósentu.

Verðlagsreiknað bókaverð

- Verð bóka hefur ekki haldið í við vísitöluhækkunarir
- Aukin hagkvæmni í rekstri bókaforlaga og hagræðing

Í viðtali í Morgunblaðinu í haust sagði forleggjarinn Bjarni Harðarson frá því er hann gaf út sína fyrstu bók 2001 og hafði ekki hugmynd um hvað hún ætti að kosta. Á endanum reiknaði hann út að til að standa undir öllum prentkostnaði þyrfti hann að selja hana á 6.000 kr. og bætti svo við: „Þetta samsvarar því að ég hefði komið með venjulega bók á markað í dag sem kostaði 16.000 kr., sem væri fjarstædukennt – bækur eru miklu ódýrari en þær voru.“

Einfalt er að meta hvort þetta

eigi við rök að stýðjast ef verðlagsreiknivél Hagstofunnar er notuð til að reikna verð á metsölubókum fyrri ára. Tökum sem dæmi bókina *Fyrirgefningu syndanna* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson, metsölubók ársins 1991, sem kostaði 2.760 kr. samkvæmt bókaförnum DV 11. desember það ár og samsvarar 9.659 kr. í dag. Nú er erfitt að átta sig á hvað bækur kosta nú til dags, því þær eru hvergi á sama verðinu, en síðasta metsölubók Ólafs, *Snerting*, sem var mest seld bók ársins 2020, kostaði um 6.999 kr.

Aðspurður hvernig bókaútfengingum hafi tekist að halda raunverði bóka lágu segir Heiðar Ingi Svansson, formaður Félags íslenskra bókaútfengenda, að það sé engin ein skýring á því. „Það kemur ekki á óvart að verð bóka hafi ekki haldið í við vísitöluhækkunarir. Að einhverju leyti er það aukin hagkvæmni í rekstri, en ég held að það séu margir samspilandi þættir.“ Bækur eru þó almennt ódýrari og hægt að bera það saman við hvað matur og almenn gjafavara kostaði fyrir tuttugu eða þrjátíu árum.“



Morgunblaðið/Eggert

Mannómur er þriðja ljóðabók Þorvaldar Sigurbjörns Helgasonar, sem segist eiga ýmislegt óútfengið.

Ljóðlistin er spegilmynd sálarinnar

- Þriðja ljóðabók Þorvaldar S. Helgasonar komin út
- Segir ljóðin alltaf mallandi í bakgrunnum

Arni Matthíasson
arnim@mbl.is

Þorvaldur Sigurbjörn Helgason er menningarblaðamaður á *Fréttablaðinu* og skáld. Fyrsta bók hans var *Draumar á þvottasúru*, sem kom út í Meðgönguljóðaröð Partusar 2016, og fyrir þremur árum kom út ljóðabókin *Gangverk* sem hann orti sem eins konar tilfinningalegt uppgjör við hjartastopp sem henti hann á fyrsta ári í menntaskóla. Nýverið kom svo út þriðja ljóðabók Þorvaldar og heitir *Mannómur*.

Fyrri ljóðabækur Þorvaldar, *Draumar á þvottasúru* og *Gangverk*, voru andstæður að því leyti hvernig þær urðu til, önnur úrval úr ljóðum og þráðurinn búinn til eftir á en hin skrifuð inn í tiltekinn ramma. Þorvaldur segir *Mannómur* hafa orðið þannig til að hann fór að taka til í ljóðaskúfunni sumarið 2020 og skoða þau ljóð sem hann átti til. „Ég tók eftir því að það var ákveðið þessa byrjað að myndast sem tengdist vangaveltum mínum um það að vaxa úr grasi og verða að manni, hvort sem maður vill það eða ekki. Ég byrjaði þá að skrifa inn í þemað og leyfði þessu svo að gerjast aðeins áður en ég setti saman eiginlegt handrit. Að þessu leyti mætti segja að

Mannómur sé eins og brúin á milli *Draumar á þvottasúru* og *Gangverks* þar eð hún sameinar báðar vinnu-aðferðirnar auk þess að kallast á við þemu fyrri bóka minna, æskuna og uppvöxtinn í *Draumunum*, unglings-árin og ástina í *Gangverki*.“

– Lesandi fær á tilfinninguna að þú sért að kryfja sjálfan þig, ef svo má segja; að róta í tímanum og tína fram hendingar og hugmyndir.

„Fyrir mér er ljóðlistin eins konar spegilmynd sálarinnar. Mér finnst ég stundum vera dæmdur til að geta einungis skrifað um sjálfan mig og mitt líf sama hvert þemað er. Ég held þó að ég sé aðeins byrjaður að færast frá hreinni sjálfsögu yfir í almennari vangaveltur um lífið og tilveruna eins og sjá má í þriðja hluta bókarinnar sem heitir *Mannómur*, eins og bókinni.“


Furðu lostinn yfir gangi lífsins
– Ljóðin hafa öll heiti og segja sögur, en í lokahluta bókarinnar eru þau nafnlaus, nema heiti lokahlutans nái yfir þau, og eru eins konar summingar á því sem á undan er komið.

„Síðasti hluti bókarinnar er í raun eitt ljóð sem heitir Í garðinum. Þetta er ljóð sem var mjög lengi í vinnslu, næstum fimm ár, og er kannski það torræðasta í bókinni.

Ég veit sjálfur ekkert alveg hvað það fjallar um en mig langaði að reyna að fanga þá tilfinningu sem maður upplifir stundum, æ sjaldnar sem fullorðinn, þegar maður verður furðu lostinn yfir gangi lífsins. Við erum alltof gjörn á að taka lífinu og heiminum sem sjálfgefnu en þegar við lítum nánar í kringum okkur veröld. Börn vaxa og dafna, rigning fellur af himnum og yfir öllu gnæfir gríðarstór eldhnöttur sem heldur okkur á lífi. Þessu tókum við svo bara sem sjálfsögðum hlutum.“

Ljóðin þurfa tíma

– Ertu alltaf að yrkja, eða ertu líka að skrifa annars konar texta, annað en dagblaðstexta, sem sé?
„Ljóðin þurfa tíma til að verða til en þau eru alltaf mallandi einhvers staðar í bakgrunnum eins og hægelduð súpa. Stundum spretta þau svo fram þegar maður á síst von á. Ég starfa sem menningarblaðamaður á *Fréttablaðinu* og á fullt í fangi með það eins og er. Ég verð að segja að það hentar ekki vel að skrifa skáldskap samhliða blaðamennsku en hugurinn leitar sífellt meira á þær slóðir og ég er með ýmislegt í skúfunni sem ég hlakka til að geta sökkt mér í þegar tími gefst.“



Góðar gjafir á angustura.is



Að fanga tíma og rúm

BÆKUR

INGIBJÖRG IÐA
AUDUNARDÓTTIR



Ljóð

Stórsæ stjarnfræðileg fyrirbæri – og önnur málefni hjartans ★★★★★

Eftir Eyrúnu Ósk Jónsdóttur.
Bjartur, 2022. Kilja, 106 bls.



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Eyrún Ósk Jónsdóttir, ljóðskáld og rit- og handritshöfundur.

Út er komin ný ljóðabók eftir Eyrúnu Ósk Jónsdóttur sem ber heitið *Stórsæ stjarnfræðileg fyrirbæri – og önnur málefni hjartans*. Áður hefur hún gefið út nokkrar ljóðabækur og hlaut meðal annars Bókmenntaverðlaun Tómasar



Guðmundssonar fyrir bókina *Góðfúslegt leyfi til sigarettukaupa*.

Stórsæ stjarnfræðileg fyrirbæri – og önnur málefni hjartans er jafn merkingarþrungin og nafn hennar gefur

til kynna. Bókin hefst á tilvitnun úr Jónatan Livingston Mávi eftir Richard Bach: „Ef vinátta okkar er háð tíma og rúmi, þá verðum við búnir að spilla bræðralagi okkar þann dag, sem við sigurumst loks á þessu vennis! [...]“. Tilvitnun þessi setur jafnframt tón verksins sem skiptist í þrjú hluta – Tíma, Rúm og Kærleik. Í textanum leikur höfundur sér að samspili náttúruvísinda og tilfinninga en föðurmis-sir söguhöfundar er þungamiðja verksins. Höfundur reynir að takast á við sorgina með því að líkja henni við náttúrulögmál og áþreifanleg efni og tekst vel upp. Þetta á sér í lagi og sérstaklega við um fyrsta hluta verksins sem snýr að tíma. Þar eru efnistökin skýr og nokkuð vel heppnuð. Það eru óhjákvæmileg textatengsl við Stein Steinarr – tíminn er eins og vatnið og vatnið hverfur aldrei, það skiptir aðeins um form. Sú hugmynd að tíminn sé eining sem aldrei hverfi er sett fram á áhugaverðan hátt í verk-inu. Líkt og skáldið sagði einhvers staðar einhvern tímann aftur eru allar tímalínur lífsins, okkar bestu og verstu dagar, til samtímis. Það getur því veitt okkur huggun að geta hugsað til þess að í einhverri tímalínu eða einhverri vídd lifi góðu stundirnar enn góðu lífi, þótt þær hafi horfið okkur sjónum. Höfundi tekst vel að miðla þessari einkenni-legu tilfinningu, líkt og birtist á blaðsíðu 22:


finnst eins og einhvers staðar á öðrum tíma
hljóti ég
enn að halda um hann
hljótu við
enn að skapa nýjar minningar
hlýtur hann
enn að lifa

Gagnrýnanda fannst þó óheppi-legt þegar atburðirnir voru tengdir við okkar samtíma, eldgos og covid, og veltir því fyrir sér hvort miðlun textans hefði ekki átt að vera tíma-laus líkt og inntak hans gefur til kynna. Að mati gagnrýnanda grefur það undan annars góðum kafla um tímann að staðsetja hann á okkar rauntíma og láta hann þar með ekki flæða endalaust í hringi, líkt og vatnið gerir, og líkt og söguhöfundur þráir.

Kaflarnir Rúmið og Kærleikurinn eru ekki jafn góðir og sá fyrsti að mati gagnrýnanda. Bygging kaflans um rúmið er hvorki nógu afmarkaður svo hægt sé að tengja hann við rými, né nægilega ótakmarkaður til að vera andsvar afmarkaðs rýmis. Hann minnr um margt á fyrsta kaflann og virkar það ekki nógu vel ef þessu á að stilla fram sem tveimur afmörkuðum fyrirbærum. Kaflinn um kærleikann slær síðan botninn í verkið og bindur fyrri kaflana tvo saman, en höfundur segir: „Hvað er raunveruleikinn annað en kærleikur?“ (bls. 85). Kaflinn er um margt ágætur og lýsir minningum, ást og náttúru á fallegan máta.

Í heildina litið er *Stórsæ stjarnfræðileg fyrirbæri – og önnur málefni hjartans* fin ljóðabók þótt ekki sé um að ræða besta verk höfundar að mati gagnrýnanda. Hún er nýstárleg og þess virði að glugga í leynist hún í jólapakkanum. Margar línur sitja eftir hjá gagnrýnanda, en eftirfarandi málgrein á blaðsíðu 27 kjarnar inntak bókarinnar vel:

þeir sem ég elska
voru aldrei staddir
á sama tímapunktinum



Kona freistar þess að vinna sig út úr sálarháská með því að skrasetja lífssögu sína í samhengi við sögu stórfjölskyldu sinnar og sveitunga. Áratugirnir sem þessi látlausu og fagra frásögn spannar gefa lesendum tilfinningu fyrir óstöðvandi framgangi tímans og þeirri fléttu sársauka og gleði, ógna og sigra sem hverfult mannlíf er.

Í sagnaheimi Elínborgar Angantýsdóttur gerast atburðir sem fanga hugann og lifa með manni lengi. Það er líkt og Guðrún frá Lundi og Gunnar Gunnarsson hafi eignast jarðbundið en hugmyndaríkt ástarbarn sem með einlægrri frásagnarlist sinni hlýtur að sigra hjörtu okkar.

„Hlý og djúpsæ saga sem erfitt er að leggja frá sér, ég felldi nokkur tár – því þó frásögnin miði ekki að skapa spennu með hefðbundnum hætti minnr hún okkur á verðmætin sem fólgin eru í hverju lífuðu andartaki.“

Guðrún Eva Mínervudóttir



Guðjón R. Sigurðsson og félagi hans við veiðikofa árið 1936.

Ljósmyndir/Úr einkasafni

Hversdagshetjur í lífsbaráttu

BÆKUR

SÖLVI
SVEINSSON



Ævisaga

Ævintýri og líf í Kanada.
Endurminningar ★★★★★

Eftir Guðjón R. Sigurðsson.
Þórður Sævar Jónsson bjó til útgáfu.
Mál og menning 2022. Innb., 407 bls.

Guðjón R. Sigurðsson (1903-91) var Hornfirðingur. Foreldrar hans fluttu til Kanada með þrjú eldri systkin hans þegar Guðjón var tveggja vikna gamall, hann varð eftir hjá ömmu sinni og afa, síðar móðursystur sinni og manni hennar. Hann hélt vestur um haf 1925 að beiðni föður síns, móðir hans hafði dáið eftir örfá ár vestra og systir hans nokkru síðar. Þeir feðgar áttu ekki skap saman og hélt Guðjón því fljótlega út í kanadíska víðáttuna til að sjá sér farborða.

Næstu 36 ár vann hann fyrir sér með margvíslegum hætti.

Hann sneri heim til Íslands árið 1961, „frjálss maður og glaður“ (395), en endurminningarnar ritaði hann 1981, handskrifaði þær í 5 A4 gormastflabækur. Í hverja línu! Ekki verður annað séð en Þórður Sævar hafi búið þær samvisskusamlega til prentunar, samræmt rithátt o.fl.; inngangur hans greinargóður, prófarkalestur vandaður og nákvæmur. Eins og vænta má skýst enska inn í mál Guðjóns um eitt og annað sem ekki var til á Íslandi, buggu fyrir lítinn vagn (67), section um landskika (71), brushwolf „eða skógarúlfar. Þeir eru miðstærðin af ulfum og vega um 50 pund“ (76)! Snjóvatn mundum við kalla leysingavatn (139) o.s.frv.

Fyrstu kaflar bókar segja frá dögum Guðjóns hér heima en síðan taka við árin í Kanada. Öll frásögn hans ber með sér að Guðjón hefur haft næma athyglisgáfu og góð tök á máli. Frásögnin er einlæg, verður kannski svolítið endurtekningsöm þegar hann lýsir margra ára veiðiskap að vetrarlagi í Kanada og kornhlöðubyggingum að sumri. Lýsingar hans á ýmiss konar verklagi eru nákvæmar og raunar má furðu gegna að hann slapp lifandi frá Kanada þar sem honum var búinn margs konar háski, hvort sem var í byggingavinnu hátt yfir jörð eða við veiðiskap þar sem hann var oft einn í óbyggðum: Kofinn „var kaldur. Hann var hvítur að innan af frosti. En þá var maður hraustur og þoldi kuldann vel“ (154), hann óttaðist



Skipshöfnin á fiskflutningabátnum CoOperator No 4 árið 1944: Förgi, skoskur háseti, Albert skipstjóri og Guðjón.

eiginlega ekkert! Hann dregur enga dul á bresti sína og gerir góðlátlegt grín að sér þegar hann lendir í átökum og sat tvo mánuði í fangelsi fyrir vikið (104-5). Hann var hrekklaus maður og varð því nokkuð oft fyrir búsiþfum í samskiptum við óprúttna gæja í vesturheimi og raunar líka áður en hann hélt vestur. Ýmsum lánaði hann fé að nafninu til. Glögglega kemur fram í máli Guðjóns að lífið var strit og aftur strit þar vestra.

Stíllinn er hraður og einlægur. Guðjón „asnaðist“ til að kaupa flösku af koniaki: „Svo tók ég upp flöskuna rétt áður en við ætluðum að róa yfir Stone-vatnið. Það var seinasti áfanginn. Og við urðum allir kenndir. Nei, við höfðum ekkert vit á áfengi. En hollur er sá sem lifir“ (82). Sambærilegar athugasemdir eru víða.

Hann vann hjá bónda við að herfa og bisa við grjót (64), leitaði að vatni með víðihrislu að vopni (68) með góðum árgangri! Smíðaði kornhlöður út og suður, námuturna, herskála, skip, skólahús, málaði hjá járnbrautafélaginu, sigldi með lax, veiddi síld. Egnði fyrir loðdýr og verkaði skinn, lagði net undir ís fyrir hvítfisk, styrju o.fl. Lífsbaráttan var hörð, kaupió lágt, réttindi engin. Einhvers staðar var jóladagur eini frídagurinn um jólni (110).

„Sumir fóru og knékrupu grátandi fyrir yfirmönnunum, og báðu um að fá að vinna áfram. Ég er hræddur um að þetta hafi yfirleitt ekki lukkast“ (109). Og í framhaldinu: „Létt skap er nauðsynlegt. Það yfirbugar marga erfiðleika.“ Kannski hjálpaði það til þegar niðursóðin bjúgu voru dag hvern í matinn (149)! Kreppan 1929 og fram að stríði var Guðjóni o.fl. erfið: „Á þessum kreppurum liðu margir

sult og erfiðleika sem fólk nú á tímum hefur ekki hugmynd um“ (123). Hjarta hans sló með smælingjunum enda var hann í þeirra hópi en hafði hins vegar ekki fyrir fjölskyldu að sjá.

Fólki lýsir hann fjórlega eins og t.d. gleðikonunni sem var með „fit á milli fingra eins og sundfugl“ (126). Vélstjóri í lest var „stór og stæðilegur. Andlitíð alltaf eins og fullt tungl, rautt og þrútið því honum þótti viskið gott“ (127). „Ég sá aldrei indíána í fýlu og er það góð guðsgjöf að vera gláflyndur“ (159). Um karl sem kom til kunningja hans í frosti um hávetur: „Þessi maður var í góðri úlpu en með stráhatt á höfði. Líklegast ekki átt annað höfuðfat. En ekki var það gott í snjóbyl“ (256). Guðjón bar virðingu fyrir náttúrunni og þótti fyrir því að drepa dýr sér til matar og víðurværis. „Það er mikið leiðinlegt að sjá hvað þessar skepnur verða að þola vegna okkar veiðimannanna“ (216). Og síðar: „En þá lifði maður aðeins fyrir magann, myrðandi saklausar skepnur“ (222).

Í þessari bók er ekki sagt mikið frá stórtíðindum nema í lífi einstaklinga, en þeim mun meira frá daglegu basli fólks fyrir nauðsynjum lífsins í þjóðfélagi þar sem ekkert félagslegt net greip þá sem féllu úr söðlinum.

Allra þjóða kvikindi hreiðruðu um sig í Kanada og blönduðust innfæddum eða ekki, héldu sínu til haga. Öllu er þessu vel lýst og dómur felldir þegar öldungurinn skræði minningarnar heima á Fróni af stakri nákvæmni. Horfir þá yfir fjarskann með furðu miklu umburðarlyndi og velvilja. Allmargar myndir sem Guðjón tók prýða bókina og hefðu gjarnan mátt vera fleiri.



Morgunblaðið/Arnþór Birkenis

Kristín Björg Sigurvinsdóttir skrifaði fyrstu bókina um Elísu aðeins þrettán ára, aðra bók ári síðar og lagði þá líka grunninn að þeirri þriðju, sem verður síðasta bókin í þrileik í bókaflokknum Dulstafir.

Elísa hefur þroskast með sjálfri mér

● Kristín Björg Sigurvinsdóttir lagði grunninn að þrileik á unglingsárunum ● Er með fleiri bækur í bígerð

Fyrsta skáldsaga Kristín Bjargar Sigurvinsdóttur, *Dóttir hafsins*, segir frá Elísu, sextán ára unglingskvinna frá Vestfirðum, sem sogast inn í grimmileg átök góðra og illra aflu, þar sem hún mun leika lykilhlutverk. *Dóttir hafsins* var fyrsta bókina í þrileik og komin er út önnur bók í þeim þrileik, *Bronsharpan*, þar sem átökin halda áfram.

Kristín Björg skrifaði fyrstu bókina aðeins þrettán ára og *Bronshörpun* ári síðar, en svo enduðu bækurnar ofan í skúffu þar til hún dró þær fram fyrir nokkrum árum, endurskrifaði og lagfærði. Ekki var þó bara að hún hafi verið með tvö handrit frumskrifuð, heldur segist hún hafa verið búin að skipuleggja þrileikinn allan.

„Ég kláraði að skrifa fyrstu tvær bækurnar sem unglingsbók en átti aðeins örfáar blaðsíður skrifaðar úr

þriðju bókinni. Sem betur fer var ég skipulagður unglingsbók og átti til skjal þar sem ég hafði skrifað niður söguþráðinn og vissi hvað myndi gerast í þriðju og síðustu bókinni og ég er langt komin með hana.“

– Í *Bronshörpunni* hefur Elísa tekið út mikinn þroska, nema hvað, en þar sem þú varst ekki gömul þegar þú skrifaðir fyrstu bókina væri gaman að vita hversu vel mót- uð hún var þegar þú dróst gömlu handritin fram á sínum tíma.

„Ég hef alltaf byggt Elísu mikið á sjálfri mér og gerði það líka þegar ég skrifaði bókina fyrst á sínum tíma. En þegar ég endurskrifaði söguna á fullorðinsárunum sótti ég í minn eigin reynsluheim og notaði það til að dýpka persónuna. Það má því segja að Elísa hafi þroskast með sjálfri mér.“

– Ástamálin koma sterkt inn í

Bronshörpunni, þótt það hafi líka verið sterkar tilfinningar í *Dóttur hafsins*.

„Já, þau gera það. Ég var árinu eldri þegar ég skrifaði *Bronshörpuna* og skrifaði því um málefni sem voru mér ofarlega í huga á þeim tíma. Ég vildi líka að bækurnar eltust með lesendum.“

– Verður Elísa alltaf í forgrunni?

„Allavega í þessum þremur bókum. En *Dóttir hafsins* var í rauninni forsaga Elísu og mig langar að skrifa forsögur hinna ungmennanna sem við kynnumst í *Bronshörpunni*, en þau eru líka í þriðju bókinni. Svo langar mig mjög mikið að fara aftur í hafið og skrifa forsögu Rósölu drottningar og Everós. Sú bók myndi þá gerast löngu áður en Elísa kemur til sögunnar. Það er svo margt sem mig langar að skoða betur í þessum heimi.“

Áþekkt útgáfa milli ára

● Árið 2022 er mikið skáldsagnaár ● Fyrir 30 árum voru frumútgefin íslensk skáldverk fyrir jóla aðeins tuttugu

Árlegum *Bókatíðindum* hefur verið dreift víða og hægt er að skoða þau á vefsetrinu <http://bokatidindi.is/>.

Ef tölur í tíðindunum 2022 eru bornar saman við síðasta ár, til að mynda, kemur í ljós að útgáfan er nánast jafn mikil milli ára, eða 913 bækur að þessu sinni samanborið við 985 bækur á síðasta ári. Ef marka má tölurnar virðist helst samdráttur í skráðum þýddum skáldsögum og fræðibókum, en einnig íslenskum skáldsögum, en það er ekki svo einfalt að bera þessi ár saman að sögn Bryndísar Loftsdóttur hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda, sem hefur yfirsýn yfir skráningar í *Bókatíðindi* og hefur haft í fjölda ára.

Að hennar sögn er árið í ár í raun á pari við 2021 hvað útgáfu varði samkvæmt „Bókatíðindavísitölunni“, sem hún nefnir svo. Það séu vissulega nokkrar færri titlar í *Bókatíðindunum*, aðallega færri titlar raf- og hljóðbóka, en það sé væntanlega vegna þess að færri endurútgáfur séu kynntar. Það er mál manna í bókaábráðum að heldur hafi dregið úr sölu á



Morgunblaðið/Rósa Braga

Bryndís Loftsdóttir hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda.


kiljum og þá helst þýddum bókum sem gefnar eru út í kilju. „Útgáfan á kiljum hefur verið mjög mikil,“ segir Bryndís, „og þýddar kiljur hafa átt fyrri part árs og sumarið með sína afþreyingu, en svo taka íslenskir höfundar við fyrir jóla. Kiljusalan hefur að stórum hluta tengst sumarfríum, og spurning hvort menn séu að nota

rafbækur frekar eða þá hljóðbækur, enda henta hljóðbækur mjög vel fyrir þess konar bókmenntir.“

Ýmsir hafa haldið því fram að árið 2022 sé mikið skáldsöguár og Bryndís tekur heils hugar undir það. „Tölurnar gætu bent til þess að það komi færri skáldsögur út, en það er vegna þess að færri endurútgáfur eru kynntar núna. Þetta er nánast allt nýjar skáldsögur.“

Það er mjög skemmtilegt að skoða gömul *Bókatíðindi* og fyrir 30 árum til dæmis, árið 1993, voru frumútgefin íslensk verk tuttugu, það var allt bókaflóðið það árið. Í kaflanum íslensk skáldverk var meiriparturinn endurútgáfur Vöku-Helgafells á Halldóri Laxness, sem tengdist endurútgáfuáttaki sem útgáfan stóð að, en þegar þær voru dregnar frá voru ekki nema tuttugu bækur eftir. Það eru álfka margar og frumútgefnar glæpasögur í ár. Það hefur mikil breyting orðið á íslenskum bókamarkaði og erfitt að sjá fyrir sér að fólk geti kvartað yfir því að verk þess fáist ekki útgefin.“

VILTU EITTHVAÐ NÝTT OG BETRA?



„Vönduð og faguð Epal-fléttan er ekki það besta við þessa bók. Persónu- og atburðalýsingar eru á köflum með því besta sem ég hef séð. Ískrandi húmor kraumar undir alvarlegu yfirborðinu. Skúli hefur geysilega gott vald á tungumálinu og fer létt með að skjóta inn menningarlegum tilvísunum sem oft eru mjög snjallar. Hann hefur dekrað við hvert smáatriði í bókinni, sem þó er engin smásaga, um 500 síður. Hlakka til að lesa meira eftir Skúla.“

Karl Jónsson, Goodreads



„Virkelega vandaður krimmi. Skúli er klárlega kominn til að vera. Hlakka til að lesa næstu bók.“

Kollster, Goodreads

drápa

www.drapa.is

Af skemmtilegum Skagfirðingum

Bókarkafli Bókaútgáfan Hólar hefur gefið út 6. bindið af Skagfirskum skemmtisögum, sem Björn Jóhann Björnsson tók saman. Þar stíga fjölmargir fram í sviðsljósið.

Bjarni Har

Margar snjallar sögur hafa verið sagðar af kaupmanninum Bjarna Har, heiðursborgara Skagafjarðar, og sumar þeirra hafa ratað í þennan bókaflök. Bjarni lést í janúar 2022, á 92. aldursári, eftir að hafa unnið langan vinnudag í



versluninni sem hann tók alfarið við af föður sínum, Haraldí Júlíussyni, árið 1973.

Höskuldur Þráinsson íslenskuprófessor var eitt sinn á ferð um Skagafjörð. Kom þá akandi utan af Skaga og stoppaði í búðinni hjá Bjarna. Spurði hann til vegar en Höskuldur var að leita að Trésmíðju Friðriks Jónssonar.

„Já, þú heldur bara áfram hérna götuna,“ sagði Bjarni og hélt áfram, „og beygir svo til vinstri þarna sem gatan liggur til hægri upp að sjúkrahúsinu. Svo ferðu bara áfram þarna niðreftir og beygir svo til hægri. Þetta er þar.“



Morgunblaðið/Björn Jóhann

Skagfirskar skemmtisögur 6 eru að hluta til helgaðar minningu Bjarna Haraldssonar, kaupmanns á Sauðárkróki, og teikning á bókarkápu tekur fyrir eina þekktustu söguna af honum, allt í stíl hjá BP!

„Takk,“ svaraði Höskuldur, „og hvað heitir gatan þar sem trésmíðjan er?“

„Hvað heitir hún?“ hváði Bjarni, „það veit ég ekki. Maður þarf ekkert að vita það ef maður á heima hérna.“

• • •

Bjarni var ætíð snögur til svars. Einhverju sinni kom Kristján Már Káráson inn í búðina, sonur Kára Steins og Distu, og var í súkkulaðibörf:

„Ég ætla að fá eitt mars hjá þér, Bjarni.“

„Ég á því miður ekki mars leng-

ur, Kristján minn, hann er búinn,“ svaraði Bjarni, „en ég á júní!“

• • •

Erlingur B. Jóhannesson múrari aðstoðaði Bjarna annað slagíð við að panta vörur gegnum netið frá Kína, m.a. fallega munstraða tóbaksklúta, þessa bláu og rauðu sem margir kannast við. Eitt sinn hafði Bjarni samband við Erling og sagði að sig vantaði fleiri klúta. Þetta var í nóvember 2020, undir það síðasta sem Bjarni var í búðinni flesta daga. Erlingi fannst það magnað að klútarnir væru allir búnir því að hann hefði nýverið

komið með til hans 50 klúta; 25 bláa og 25 rauða.

„Já, þeir komu hingað framan úr Blönduhlíðinni og kláruðu lagerinn,“ sagði Bjarni og Erlingur tók það gott og gilt svar, enda Blönduhlíðingar annálaðir nef-tóbaksmenn.

Erlingur benti Bjarna næst á að það gæti verið tæpt að ný sending af klutum frá Kína næðist fyrir vertíðina á aðventu.

„Það er í góðu lagi,“ svaraði Bjarni að bragði, „ég þarf ekki að snýta mér fyrr en eftir mánaðamót.“

Klósettrúllurnar

Maður einn á Króknum fór í verslunina Gránu í hverri viku og keypti yfirleitt það sama í hvert skipti af helstu nauðsynjum. Í Gránu voru vörurnar keyptar „yfir borðið“ og fólk lagði inn lista eða sagði afgreiðslufólkinu hvað það vanhagaði um. Sagan segir að hér hafi Jón Björnsson verið á ferð, kallaður Jón kippur. Einn daginn tók afgreiðslukona hjá kaupfélaginu eftir því að maðurinn bað um tvær klósettrúllur, en yfirleitt hafði hann bara beðið um eina.

„Stendur eitthvað til?“ spurði konan og maðurinn svaraði:

„Ég ákvað að gera vel við mig í þetta skiptið!“

Lionsmenn á ferð

Félagar í Lionsklúbbum Höfða á Hofsósi höfðu það fyrir sið í mörg ár að bregða sér í gervi jólasveina og heimsækja bæina austan vatna á aðventunni. Grína og glensa í heimilisfólki, færa gjafir og góðgæti úr poka. Ýmsar upptakur urðu í þeim ferðum, m.a. eitt árið þegar komið var heim að Hólum.

Eftir að flest hús höfðu verið heimsótt, þar sem börn og eldra fólk bjó, var farið að líða á kvöldið. Heyrðist þá frá einni íbúðinni mikill hlátur og gleði. Datt einum jólasveini í hópnum í hug að kanna hvort eitthvert teiti væri í gangi. Þegar komið var að íbúðinni varð sveinki var við fólk innan við gluggann í hrókasamræðum. Myrkratjald var þá dregið niður fyrir hálfan gluggann en allt í einu heyrðist ógurlegt öskur innan úr íbúðinni. Jólasveinninn hljóðaði líka óskaplega, líkt og bræður hans gera þegar komið er á bæi. Gardinnunni var svipt upp og innan við gluggann stóð þeldökkur maður, skelfingu lostinn, og argaði er hann sá rauðklæddan og skeggjaðan jólasveininn fyrir utan.

Eftir smástund af argi og augnbótmaskoðun hljóp sveinki, ásamt starfsbróður sínum í fullum skrúða, að útidyrnum þar sem þeir bönkuðu og opnuðu til að gera betur grein fyrir sér. Fyrir innan stóðu fjórir menn frá Úganda, tilbúnir að takast á við þessi rauðklæddu fyrirbæri. Datt þá öðrum

jólasveininum það snjallræði í hug að kjafta sig frá hlutunum, rétti fram mandarínur upp úr poka sínum og sagði:

„It's ok, we are the Santa Claus. Ugly Lady Grýla my mom. Don't you want a mandarin?“

Siggi Jóns

Sigurður Jónsson, kennari á Sauðárkróki árum saman, er skemmtilegur maður að eðlisfari. Nægjusamur, dálítið seinheppinn en hefur góðan húmor fyrir sjálfum sér og er þekktur fyrir hnyttin tilsvör. Siggi er ættaður af Suðurlandinu, alinn upp á bænum Björk í Sandvíkurhreppi hinum forna, nú Árborg. En hann heyrir til „tengdasona Skagafjarðar“ eftir að hafa krækt sér í Önnu Kristínu Gunnarsdóttur kennara, sem síðar varð þingmaður fyrir Samfylkinguna á Norðurlandi vestra, eftir að hafa verið varaþingmaður fyrir Alþýðubandalagið og bæjarfulltrúi á Króknum í 12 ár.

• • •

Siggi er sannarlega seinheppinn maður. Eru þau nokkur óhöppin í smíðastofunni í Árskóla þar sem húsverðir, eða aðrir starfsmenn, hafa orðið að aka Sigga upp á sjúkrahús, eða honum verið trillað í sjúkrahúsi. Þá hefur oft komið sér vel hve stutt er frá Árskóla á sjúkrahúsið, varla mínútu akstur við góð skilyrði.

Einn daginn boraði hann gat á sjálfan sig, eða eins og Siggi orðaði það: „Það er nú ekki á hverjum degi sem það gerist, þetta var splunkunyr bor.“

Hafði Siggi þá verið að bora í gegnum spýtu og flugbeittur borinn farið óvart í gegnum lófann á honum á þeirri hendinni sem hélt við spýtuna. Urðu ungir nemendur vitni að óhappinu en fleiri sakaði ekki, og enginn féll í yfirlið við að sjá blóðbaðið.

Annað atvik úr smíðatíma má nefna, þegar Siggi sagaði framan af vísifingri hægri handar með vélsög. Enn og aftur fór Bragi húsvörður upp sjúkrahúsbrekkuna með Sigga undir læknishendur. Alli spróttakennari samdi mikinn brag um þessa ferð, undir heitinu „Týndi fingurinn“, þar sem eitt erindið hljóðar svona:

Bragi keyrði býsna hratt, á Skagfirðingabrautinni. Beygði síðan skjótt, aka vildi fljótt, „alltsvo“ í brekkunni.

• • •

En Siggi hefur ekki bara borað á sig gat, heldur einnig borðað á sig gat. Í miðjum smíðatíma einn morguninn féll hann í yfirlið. Nemandur hlupu upp á kennarastofu og tilkynntu atvikið. Siggi rankaði aðeins við sér en var með mikla magaverki. Bragi ók Sigga upp á sjúkrahús þar sem læknum tókst að hressa hann við. Hafði meltingarvegurinn þá nánast stíflast eftir ofát á vel feitri og siginni grásleppu kvöldið áður hjá Gunnari, tengdaföður hans.

Var Siggi tiltölulega fljótur að jafna sig, og ekki leið á löngu þar til hann sást sama dag í grillveislu við skólann, að háma í sig pylsu með öllu!

• • •

Rétt er að nefna í lokin að daginn eftir góða sagnastund skrásetjara með Sigga og fleirum varð það óhapp á smíðastofunni títtnefndu að hann sagaði illilega í einn puttann, nánar tiltekið vísifingur vinstri handar. Var hann eitthvað að bardúsa og undirbúa næsta smíðatíma með krökkunum.

Húsvörðurinn Kári Marísson dreif Sigga upp á sjúkrahús. Er hann sat í framsætinu, með báðar hendur uppi fyrir framan sig, rifjaði Siggi upp er hann sagaði af hægri vísifingri og sagði hugsi: „Nú hallast ekki á.“

TIL HAMINGJU ELÍSABET!



ELÍSABET THORODDSEN

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN

Tilnefning



bókabeitan.is

Húin er kominn!



JÓLIN HEFJAST MEÐ JÓLASYRPUNNI!
FJÖRUG LESNING SEM KEMUR ÖLLUM
Í HÁTÍÐARSKAP!


FÆST Í NÆSTU VERSLUN OG Á WWW.EDDA.IS

edda
WWW.EDDA.IS

TVÆR ÁHUGAVERÐAR BÆKUR

UPPGJÖR BANKAMANNS

Mikilsverð og einlæg saga fjölskyldumanns sem gerði þau afdrifaríku mistök að taka við starfi forstjóra Glitnis banka rétt áður en alþjóðleg fjármálakreppa skall á.



LANDS DÖMS MÁLID

Stjórnmalarefjar
og lagaklækir

Hannes Hólmsteinn Gissurarson

LANDS DÖMS MÁLID

Stjórnmalarefjar og lagaklækir

Margt nýtt og óvænt um það hróplega ranglæti, þegar Geir H. Haarde var einn dreginn fyrir dóm vegna bankahrunsins og sakfelldur fyrir aukaatriði.